

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu, nr. 281/2014.

#### 1. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 3.78 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/2036 frá 23. október 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.78.
- 4.86 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/2037 frá 23. október 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.86.
- 7.42 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/2032 frá 23. október 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.42.
- 8.33 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/2033 frá 23. október 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.33.

#### 2. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

*Utánríkisráðuneytinu, 5. mars 2026.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 3.78.****ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/2036****frá 23. október 2025****um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 17. mars 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/145/SSUÖ <sup>(1)</sup>.
- 2) Í ályktunum sínum frá 19. desember 2024 ítrekaði leiðtogaráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði áframhaldandi stuðning sinn við sjálfstæði, fullveldi og landamærahelgi Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar. Leiðtogaráðið lýsti því yfir að viðleitni til að takmarka enn frekar getu Rússlands til að heyja stríð yrði að halda áfram. Það lét einnig í ljós að Sambandið væri tilbúið að auka þrýsting á Rússland, þ.m.t. með frekari refsiaðgerðum.
- 3) Í ljósi áframhaldandi og stigvaxandi árása Rússlands á Úkraínu, einkum nýlegrar hrottalegrar hernaðaraðgerðar þess sem beinist vísvitandi gegn borgaralegum innviðum, þ.m.t. orkuverum, vatnsveitum og heilbrigðisstofnunum, sem hefur valdið almennum borgurum miklum þjáningum og hefur það að markmiði að grafa undan viðnámsþrótti Úkraínu, telur ráðið nauðsynlegt að samþykkja frekari þvingunaraðgerðir.
- 4) Einkum telur ráðið að bæta ætti 22 aðilum og 42 rekstrareiningum, sem bera ábyrgð á aðgerðum sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, á skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem þvingunaraðgerðir taka til, sem sett er fram í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 5) Frá því að árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu hófst árið 2022 áætla úkraínsk stjórnvöld að Rússland hafi flutt nærri 20 000 úkraínsk börn úr landi, nauðug og með valdi, til Rússlands eða til úkraínskra yfirráðasvæða sem eru ólöglega hersetin af Rússlandi. Þessi börn, sem mörg hver koma af munaðarleysingjahælum eða hafa orðið viðskila við fjölskyldur sínar, standa oft frammi fyrir nauðungarættleiðingu og tilraunum til að þurrka út úkraínska sjálfsmynd þeirra. Sameinuðu þjóðirnar hafa fordæmt þessar aðgerðir sem stríðsglæpi og þær leiddu til þess að Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn gaf út handtökuskipanir árið 2023 á hendur háttsettum rússneskum embættismönnum, þ.m.t. Pútín forseta. Auk þess benda niðurstöður Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna til þess að Rússland hafi, með löggjöf og menntaáætlunum, kerfisbundið beitt sér fyrir stefnu sem miðar að aðlögun og innrætingu úkraínskra barna með valdi til að draga úr úkraínskri sjálfsmynd þeirra og innleiða þjóðernishyggju og þjóðarsjálfsmynd sem er hliðholl Rússlandi. Þessi stefna felur í sér menntun og þjálfun af hernaðarlegum toga, í skólum og innan skipulagðra þjóðernislegra ungmennafélaga, til að hvetja börn til framtíðarherþjónustu, þar á meðal börn á ólöglega hernumnum svæðum í Úkraínu. Slíkir nauðungarflutningar úr landi og þvingaðir flutningar eru brot á mannréttindum, grundvallarréttindum og mannlegri reisn, þ.m.t. réttinum til einkalífs, menntunar, þátttöku í menningarlífi og tjáningarfrelsis og aðgangs að upplýsingum, og grafa undan og ógna fullveldi, stöðugleika og öryggi Úkraínu.
- 6) Ráðið telur því nauðsynlegt að innleiða viðbótarviðmiðun fyrir að færa á skrá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir, sem bera ábyrgð á, styðja við eða framkvæma aðgerðir eða stefnur sem stuðla að nauðungarflutningi ólögráða úkraínskra barna úr landi, þvinguðum flutningi þeirra, þvingaðri aðlögun, þ.m.t. innrætingu, eða hernaðarlegri menntun.
- 7) Rétt þykir að rýmka gildandi undanþágu varðandi greiðslur sem teljast skaðleysisbætur eða bætur sem veittar eru eftir framkomna hættu þannig að hún taki til tveggja vátryggingafélaga sem eru þegar á skrá.
- 8) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/145/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*I. gr.*

Ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 1. gr.:

- k) einstaklingar sem bera ábyrgð á, styðja við eða framkvæma aðgerðir eða stefnur sem stuðla að nauðungarflutningi ólögráða úkraínskra barna úr landi, þvinguðum flutningi þeirra, þvingaðri aðlögun, þ.m.t. innrætingu, eða hernaðarlegri menntun.“
- 2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi liðum er bætt við í 1. mgr.:
- n) einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem bera ábyrgð á, styðja við eða framkvæma aðgerðir eða stefnur sem stuðla að nauðungarflutningi ólögráða úkraínskra barna úr landi, þvinguðum flutningi þeirra, þvingaðri aðlögun, þ.m.t. innrætingu, eða hernaðarlegri menntun.“
- b) Ákvæðum 28. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í inngangsorðunum koma orðin „rekstrareiningunni sem skráð er undir færslunúmer 56, 270 og 579“ í stað orðanna „rekstrareiningunni sem skráð er undir færslunúmer 270“.
- ii. Í a-lið koma orðin „rekstrareiningin, sem skráð er undir færslunúmer 56, 270 og 579“ í stað orðanna „rekstrareiningin, sem skráð er undir færslunúmer 270“.
- 3) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 23. október 2025.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

M. BJERRE

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16, ELI: ELI: [https://data.europa.eu/eli/dec/2014/145\(1\)/oj](https://data.europa.eu/eli/dec/2014/145(1)/oj)).

#### VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <https://data.europa.eu/eli/dec/2025/2036/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér: [https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)

**Fylgiskjal 4.86.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/2037****frá 23. október 2025****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars. 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014<sup>(2)</sup> koma þær þvingunaraðgerðir til framkvæmda sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 2) Hinn 23. október 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/2036 <sup>(3)</sup> um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 3) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2036 er innleidd viðbótarviðmiðun fyrir skráningu einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem bera ábyrgð á, styðja við eða framkvæma aðgerðir eða stefnur sem stuðla að nauðungarflutningi ólögráða úkraínskra barna úr landi, þvinguðum flutningi þeirra, þvingaðri aðlögun, þ.m.t. innrætingu, eða hernaðarlegri menntun.
- 4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2036 er gildandi undanþága varðandi greiðslur sem teljast skaðleysisbætur eða bætur sem veittar eru eftir framkomna hættu einnig rýmkuð þannig að hún taki til tveggja váttrygginga-félaga á skrá.
- 5) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 6) Rétt er að samræma hugtakanotkun í réttargerðum Sambandsins til að tryggja samkvæma beitingu reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 og samræmi við aðra ramma Sambandsins um þvingunaraðgerðir. Slíkt samræmi er nauðsynlegt til að forðast tvíræðni, auka réttarvissu og tryggja skilvirkni þvingunaraðgerða Sambandsins innan hinna ýmsu regluverka Sambandsins um refsiaðgerðir. Því þykir rétt að fella inn í reglugerð (ESB) nr. 269/2014 skilgreiningar á því að „eiga“ og „stjórna“ lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, til að samræma þær þeim skilgreiningum sem notaðar eru í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2580/2001 <sup>(4)</sup>.
- 7) Einnig er rétt að skýra ákvæðið um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs aðila á skrá og bannið við að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan slíkum aðilum.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 269/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 269/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liðir bætast við 1. gr.:
  - i) „að eiga“ lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun merkir að hafa umráð yfir 50% eða meira af eignarrétti lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða meirihluta í þeim,
  - j) „að stjórna“ lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun merkir, en takmarkast þó ekki við:
    - i. að hafa rétt til eða nýta sér vald til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta manna í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar,
    - ii. að hafa skipað, með því einu að nýta sér atkvæðisrétt sinni, meirihluta þeirra manna sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar og hafa gegnt stöðu sinni á yfirstandandi og fyrra fjárhagsári,
    - iii. að stjórna einn meirihluta atkvæða hluthafa eða félaga í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun samkvæmt samningi við aðra hluthafa eða félaga í þeim lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun,

- iv. að hafa rétt til að hafa ráðandi áhrif í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, samkvæmt samningi sem gerður er við viðkomandi lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun eða samkvæmt ákvæði í stofnsamþykktum viðkomandi, heimili þau lög sem hlutaðeigandi lögaðili, rekstrareining eða stofnun fellur undir að hann eða hún falli undir fyrrnefndan samning eða ákvæði,
  - v. að hafa í reynd vald til að nýta sér réttinn til að hafa ráðandi áhrif er um getur í iv. lið án þess að vera handhafi þess réttar,
  - vi. að hafa rétt til að nota allar eignir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða hluta þeirra,
  - vii. að stjórna starfsemi lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á sameiginlegum grunni og birta jafnframt samstæðureikningsskil eða
  - viii. að undirgangast, einn fyrir alla og allir fyrir einn, fjárskuldbindingar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða ábyrgjast þær.“
- 2) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í I. viðauka.

2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur þeim einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í I. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti, eða koma þeim til góða.“

- 3) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 3. gr.:

„n) einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem bera ábyrgð á, styðja við eða framkvæma aðgerðir eða stefnur sem stuðla að nauðungarflutningi ólögráða úkraínskra barna úr landi, þvinguðum flutningi þeirra, þvingaðri aðlögun, þ.m.t. innrætingu, eða hernaðarlegri menntun.“

- 4) Ákvæðum 5. mgr. e í 6. gr. b er breytt sem hér segir:

- a) Í inngangsorðunum koma orðin „rekstrareiningunni sem skráð er undir færslunúmer 56, 270 og 579“ í stað orðanna „rekstrareiningunni sem skráð er undir færslunúmer 270“.
- b) Í a-lið koma orðin „rekstrareiningin, sem skráð er undir færslunúmer 56, 270 og 579“ í stað orðanna „rekstrareiningin, sem skráð er undir færslunúmer 270“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. október 2025.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti*

M. BJERRE

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16, ELI: ELI: [https://data.europa.eu/eli/dec/2014/145\(1\)/oj](https://data.europa.eu/eli/dec/2014/145(1)/oj).

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2014/269/oj>).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/2036 frá 23. október 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L, 2025/2036, 23.10.2025, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2025/2036/oj>).

<sup>(4)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2580/2001 frá 27. desember 2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjtið. EB L 344, 28.12.2001, bls. 70, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2001/2580/oj>).

**Fylgiskjal 7.42.****ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/2032****frá 23. október 2025****um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ<sup>(1)</sup>.
- 2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- 3) Í ályktunum sínum frá 19. desember 2024 ítrekaði leiðtoga ráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði áframhaldandi staðfasta skuldbindingu Sambandsins til að halda áfram að veita Úkraínu og úkraínsku þjóðinni pólitískan, fjárhagslegan, efnahagslegan, mannúðarlegan, hernaðarlegan og diplómátískan stuðning.
- 4) Svo lengi sem ólögmætar aðgerðir Rússneska sambandsríkisins halda áfram að brjóta gegn grundvallarreglum þjóðaréttar, þ.m.t. einkum banninu við valdbeitingu sem er að finna í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, eða alþjóðlegum mannúðarrétti þykir rétt að láta allar ráðstafanir sem Sambandið hefur gripið til gilda áfram og gera viðbótarráðstafanir ef nauðsyn krefur.
- 5) Í ljósi áframhaldandi og stigvaxandi árása Rússlands á Úkraínu, einkum nýlegrar hrottalegrar hernaðar- aðgerðar þess sem beinist visvitandi gegn borgaralegum innviðum, þ.m.t. orkuverum, vatnsveitum og heilbrigðisstofnunum, sem hefur valdið almennum borgurum miklum þjáningum og hefur það að markmiði að grafa undan viðnámsþrótti Úkraínu, telur ráðið nauðsynlegt að samþykkja frekari þvingunaraðgerðir.
- 6) Einkum ætti að bæta við 45 rekstrareiningum við skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir, sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.e. skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem styðja við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem eru látnar sæta þrengri takmörkunum á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands. Rekstrareiningar sem skráðar eru taka til tiltekinna rekstrareininga í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem óbeint stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands og gera þannig sniðgöngu útflutningstakmarkana mögulega, þ.m.t. á tölvustýringarvélum, örrásartækni, ómönnum loftförum, og annarri háþróaðri tækni með tvíþætt notagildi.
- 7) Rétt þykir að auka við skrána yfir hluti, sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, með því að setja á skrána hluti sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hluti sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa þess, þ.m.t. rafeindaíhluti, fjarlægðarmæla, fleiri íðefni sem notuð eru við gerð drifefna, frekari málma, oxíð og málmblendi sem eru notuð við framleiðslu hernaðarkerfa.
- 8) Einnig þykir rétt að leggja frekari útflutningshöft á vörur sem gætu stuðlað að því að auka getu Rússlands á sviði iðnaðar, s.s. sölt og málmgrýti, vörur úr gúmmíi, rör, dekk, kvarnarsteina og byggingarefni.
- 9) Viðeigandi þykir að innleiða nýjar markvissa undanþágu frá banninu við kaupum, innflutningi eða tilflutningi á tilteknum hlutum sem skapa Rússlandi umtalsverðar tekjur og sem nauðsynlegir eru vegna reksturs, viðhalds eða viðgerða á útfjólubláum lömpum sem eru notaðir til sótthreinsunar á drykkjarvatni. Einnig þykir rétt að breyta undanþágu frá banninu við kaupum, innflutningi eða tilflutningi á tilteknum hlutum sem skapa Rússlandi umtalsverðar tekjur og nauðsynlegir eru vegna reksturs, viðhalds eða viðgerða á lestarvögnum á línu 3 í neðanjarðarlestarakerfi Búdapest.
- 10) Til að draga enn frekar úr tekjum Rússlands þykir viðeigandi að vikka út bannið við kaupum, innflutningi eða tilfærslu tiltekinna hluta, sem skapa Rússlandi umtalsverðar tekjur, þannig að það nái yfir öll keðjulaga vetniskolefni.
- 11) Viðeigandi þykir að auka við skrána yfir samstarfslönd vegna innflutnings á jarðolíuafurðum.
- 12) Til að draga enn frekar úr tekjum Rússlands af útflutningi á jarðefnaeldsneyti, hækka kostnað vegna ólöglegra aðgerða þess í Úkraínu og setja hámarksþrýsting á Rússland um að binda enda á árásarstríð sitt gegn Úkraínu þykir rétt að leggja bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum

- hætti, til Sambandsins, á fljótandi jarðgasi, sem er upprunið í eða flutt út frá Rússlandi, sem og við veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar.
- 13) Rétt þykir að innleiða viðbótarmörkingar fyrir skip, til að breyta einni viðmiðuninni varðandi tilgreiningu og breyta tengdum ákvæðum um bannaða þjónustu fyrir tilgreind skip. Varðandi bann við því að rekstrar- aðilar í Sambandinu veiti tilgreindum skipum vátryggingar og endurtryggingar hefur tilnefning skips ekki áhrif á greiðslu bóta frá viðkomandi vátryggjanda skipsins til aðila og rekstrareininga sem hafa orðið fyrir tjóni af völdum skipsins og að því er varðar kröfur sem rekja má til atburða sem áttu sér stað áður en skipið var tilgreint.
  - 14) Rétt þykir að fella tilteknar undanþágur, sem tengjast orku, úr viðskiptabanninu fyrir tvö tiltekin ríkis- fyrirtæki.
  - 15) Rétt þykir að víkka út viðskiptabannið, sem gildir um lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem tengjast sendingakerfi Seðlabanka Rússneska sambandsríkisins fyrir fjármálaskilaboð („SPFS“) eða sambærilegri sérhæfðri sendingarþjónustu á sviði fjármála sem Seðlabanki Rússlands kemur á fót, þannig að það taki til annarrar greiðsluþjónustu, s.s. greiðslukortakerfis Rússneska sambandsríkisins („Mir“ á rússnesku) eða hraðgreiðslukerfisins („SBP“) sem Seðlabanki Rússlands eða aðrar rússneskar rekstrareiningar koma á fót. Einnig þykir rétt að bæta við undanþágum vegna viðskipta sem eru nauðsynleg vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna í þriðju löndum og vegna viðskipta ríkisborgara aðildar- ríkis, sem eru búsettir í þriðja landi, vegna viðskipta sem eru nauðsynleg vegna gildandi samninga og mót- töku greiðslna og vegna þjóðernisminnihluta aðildarríkjanna í Rússlandi.
  - 16) Rétt þykir að víkka út viðskiptabann á lána- og fjármálastofnanir í þriðju löndum og þjónustuveitendur sýndareigna þannig að það taki einnig til rekstrareininga sem veita greiðsluþjónustu, einkum rekstrareininga sem veita skráðum rekstrareiningum þjónustu á sviði sýndareigna og greiðsluþjónustu. Til að berjast gegn útbreiðslu nýrra rekstrareininga sem taka við af rekstrareiningum á skránni vikkar hún viðskiptabannið einnig út þannig að það nái yfir jafngildar rekstrareiningar að uppfylltum tilteknum viðmiðunum. Að auki er viðeigandi að bæta átta (8) nýjum rekstrareiningum við í XIX. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ. Að lokum þykir einnig rétt að bæta við undanþágum vegna viðskipta sem nauðsynlegar eru vegna gildandi samninga og viðtöku greiðslna.
  - 17) Viðeigandi þykir að víkka enn frekar út viðskiptabannið við hafnir og skipastiga í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem eru notuð til að flytja ómönnuð loftför eða flugskeyti eða tengda tækni eða íhluti þeirra til Rússlands eða til að sniðganga verðþak fyrir olíu með því að skip stundi óreglulega og áhættusama sjóflutninga, eða aðrar þvingunaraðgerðir.
  - 18) Sérstök efnahagssvæði, nýsköpunar- og fríðindasvæði eru grundvallarþáttur í efnahagsþróunaráætlun Rússneska sambandsríkisins. Þeim er ætlað að laða að beinar fjárfestingar og efla getu á sviði iðnaðar, tækni og nýsköpunar með því að bjóða ívilnandi skatta-, tolla- og reglukerfi að því er varðar iðngarða, tækniklasa, birgðastjórnarmíðstöðvar og hafnarsvæði í Rússneska sambandsríkinu.
  - 19) Meðal þessara svæða eru sérstök efnahagssvæði (SEZ), nýsköpunarkerfi og fríðindakerfi í Austasta sambandsumdæminu og Norðurslóðaumdæminu, eins og skilgreint er í rússneskum lögum, s.s. lögum sambandsríkisins nr. 116-FZ frá 22. júlí 2005, lögum sambandsríkisins nr. 244-FZ frá 28. september 2010, lögum sambandsríkisins nr. 212-FZ frá 13. júlí 2015 og lögum sambandsríkisins nr. 193-FZ frá 13. júlí 2020. Tiltekin sérstök efnahagssvæði og nýsköpunarkerfi eru grundvallarþáttur í getu Rússlands á sviði iðnaðar og tækni og hýsa fyrirtæki sem starfa við framleiðslu eða þróun vara með tvíþætt notagildi, háþróaðra rafeindateknikerfa, þjarkatækni, hugbúnaðar, farartækja, íhluta fyrir flug, ómannaðra loftnets- kerfa og annarra vara og tækni sem stuðla að stríðsrekstri Rússa. Fríðindakerfi í Austasta sambands- umdæminu og Norðurslóðaumdæminu styðja við vöruférlisstjórnun á sjó, skipasmíðar, námu- og jarðolíu- og jarðgaseirana og orkuútflutningsleiðir sem eru grundvallarþáttur í efnahagslegri tilfærslu Rússlands með áherslu á Asíu, og til að sniðganga þvingunaraðgerðir.
  - 20) Til að svipta Rússland enn frekar þeim úrræðum sem eru notuð til að viðhalda árasum þess gegn Úkraínu er rétt að leggja bann við því að hefja þátttöku í fyrirtækjum, sem stofnuð eru eða starfrækt á tilteknum sérstökum efnahagssvæðum, nýsköpunar- eða fríðindasvæðum, stofna með þeim fyrirtæki um sameiginlegt verkefni og veita þeim fjármögnun, og bann lagt við gerð nýrra samninga við slík fyrirtæki. Enn fremur er rétt að leggja bann við því að viðhalda hvers konar þátttöku í fyrirtækjum, sem stofnuð eru eða starfrækt á tilteknum sérstökum efnahagssvæðum, nýsköpunar- eða fríðindasvæðum eða stofna með þeim fyrirtæki um sameiginlegt verkefni. Loks er kveðið á um viðeigandi undanþágur og frávik til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af þessum bönnum.
  - 21) Rétt þykir að setja takmarkanir á veitingu þjónustu á sviði sýndareigna, veitingu greiðsluþjónustu, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366<sup>(2)</sup>, og á útgáfu rafeyris til rússneskra ríkis-

- borgara, einstaklinga sem búsettir eru í Rússlandi og lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Rússlandi, með tilliti til mikilvægis þessarar þjónustu fyrir þróun fjártækni og rafrænnar verslunar í Rússlandi og mögulega notkun þjónustu á sviði sýndareigna til að sniðganga þvingunaraðgerðir. Þessar takmarkanir ná ekki til framkvæmdar greiðslna, eins og um getur í tilskipun (ESB) 2015/2366. Ekki ætti að líta svo á að þessar takmarkanir á veitingu greiðsluþjónustu skyldi þjónustuveitendur sem virkja greiðslur (e. *payment initiation service providers*) til að ákvarða þjóðerni, búsetu eða staðfestustað notenda greiðsluþjónustu í hverju einstöku tilviki eða móttakendur greiðslna (e. *acquirers of payment transactions*) að skima einstakar greiðslukortafærslur með tilliti til þvingunaraðgerða. Meginábyrgð á því að fylgja eftir þvingunaraðgerðum í tengslum við framkvæmd greiðslna hvílir á þeim greiðsluþjónustuveitanda sem þjónustarviðkomandi reikning. Þessar takmarkanir á veitingu þjónustu á sviði sýndareigna eru einnig bindandi fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem starfa samkvæmt umbreytingarfyrirkomulaginu sem sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114<sup>(3)</sup>.
- 22) Notkun tiltekinna sýndareigna getur skapað umtalsverða hættu á því að bönnin, sem mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ, ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu<sup>(4)</sup>, í reglugerð ráðsins (EB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu<sup>(5)</sup> og í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu<sup>(6)</sup>, verði sniðgengin, einkum viðskiptabönn og frýsting eigna. Því er nauðsynlegt að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir notkun þessara sýndareigna í þeim tilgangi að grafa undan markmiðum þessarar ákvörðunar, ákvörðunar 2014/145/SSUÖ og reglugerða (ESB) nr. 269/2014 og (ESB) nr. 833/2014. Bann við viðskiptum með þessar sýndareignir er nauðsynleg ráðstöfun til að koma í veg fyrir þessa niðurstöðu og gerir jafnframt ráð fyrir takmörkuðum tíma til að slíta gildandi samningum með skipulegum hætti.
- 23) Rétt þykir að bæta fimm lána- eða fjármálastofnunum á skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem falla undir viðskiptabann. Viðskiptabannið nær til tiltekinna rússneskra lána- eða fjármálastofnana eða annarra rekstrareininga, sem eru áskrifendur að sendingarþjónustu á sviði fjármála, eða rússneskra dótturfyrirtækja lána- eða fjármálastofnana í þriðju löndum, sem skipta máli fyrir rússneska fjármála- og bankaerfið og eru annaðhvort stórir eða mikilvægir svæðisbundnir bankar, sem greiða af þeim sökum fyrir svæðisbundnum og alríkisstengdum fjármálum og viðskiptum, eða bankar sem greiða fyrir framkvæmd verulegra greiðslna yfir landamæri og efla þannig rússneska hagkerfið og atvinnulíf þess, bankar sem grafa undan landamærahelgi Úkraínu með því að starfa á hernumdum svæðum í Úkraínu eða bankar sem falla þegar undir þvingunaraðgerðir Sambandsins eða samstarfslanda þess. Samhliða þessu þykir einnig rétt að bæta við undanþágum sem eru nauðsynlegar vegna mannúðarsjónarmiða, vegna útflutnings, sölu, afhendingar, tilfærslu eða flutnings á lyfjum, lækninga- eða landbúnaðarvörum og matvælum, til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem kveðnir eru upp í aðildarríki, vegna viðtöku greiðslna sem lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum undir stjórn rússneskra stjórnvalda ber að inna af hendi samkvæmt samningum sem gerðir eru fyrir 15. maí 2022 og vegna framkvæmdar á tilteknum leyfum sem eru veitt samkvæmt ákvörðun 2014/145/SSUÖ og reglugerð (ESB) nr. 269/2014 og vegna þjóðernisminnihlutahópa aðildarríkjanna í Rússlandi. Þessar undanþágur og frávik hafa ekki áhrif á bannið við því að rekstraraðilar í Sambandinu veiti rekstrareiningum, sem eru á skrá í VIII. viðauka við þá ákvörðun, sendingarþjónustu á sviði fjármála.
- 24) Viðeigandi þykir að setja frekari takmarkanir á það að veita ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi þjónustu sem stuðlar að því að efla tæknilega getu Rússlands, þ.e. tiltekna viðskiptalega þjónustu í geimnum (e. *commercial space-based services*), tiltekna gervigreindarþjónustu og stórvirka tölvu- og skammtatölvunarþjónustu. Enn fremur þykir viðeigandi að vikka út gildissvið nágildandi takmarkana þannig að þær nái ekki einungis yfir tæknilegar prófanir og greiningu, samkvæmt flokkuninni í flokki 8676 í aðalvöruflokkuninni, eins og hún er sett fram hjá Hagstofu Sameinuðu þjóðanna, Statistical Papers, Series M, No 77, CPC prov. 1991, heldur einnig aðra þjónustu sem mynda flokk 867 í aðalvöruflokkuninni. Þessi þjónusta felur einkum í sér, samkvæmt flokkuninni í flokki 8675, eftirfarandi vísindalega og tæknilega ráðgjafarþjónustu í tengslum við verkfræði: jarðfræðilega, jarðeðlisfræðilega og aðra vísindalega jarðefnaeit, kannanir undir yfirborði, yfirborðsmælingar og kortagerð.
- 25) Enn fremur þykir viðeigandi að takmarka veitingu þjónustu sem tengist ferðaþjónustu með beinum hætti í Rússlandi, einkum þjónustu sem fellur undir flokka 7471 og 7472 í aðalvöruflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna, Statistical Papers, Series M, No 77, CPC prov., 1991. Þetta er gert til að draga úr tekjum sem

- Rússland hefur af slíkri þjónustu og hindra ónauðsynleg ferðalög og affreyningu til Rússlands, einkum í aðstæðum þar sem ríkisborgarar Sambandsins standa frammi fyrir aukinni hættu á handahófskenndum handtökum og gæsluvarðhaldi, og þar sem ræðisvernd fyrir einstaklinga með tvöfalt ríkisfang er takmörkuð.
- 26) Í ljósi áframhaldandi árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu ætti lögbært stjórnvald að meta fyrir fram frekari veitingu þjónustu í þágu ríkisstjórnar Rússlands til að draga úr þeirri áhættu að þjónusta eflí hernaðarlega, tæknilega eða iðnaðarlega getu Rússlands. Því er viðeigandi að innleiða kröfu um fyrirframleyfi lögbærs stjórnvalds fyrir hvers kyns þjónustu sem veitt er ríkisstjórn Rússlands sem fellur ekki þegar undir þvingunaraðgerðirnar sem settar eru fram í ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
  - 27) Til að takmarka getu rússneska ríkisins til að afla tekna af gömlum loftförum og skipum sem hafa fengið lítið viðhald þykir viðeigandi að leggja bann við því að veita endurtryggingar fyrir notuð loftför eða skip Rússlands í fimm ár eftir samkomulag um sölu eða leigu á þeim loftförum eða skipum sem gert er eftir gildistöku þessarar ákvörðunar.
  - 28) Rússneskir stjórnar- og ræðiserindrekar, sem og skrifstofu- og tæknistarfsmenn eða þjónustulið sendi- eða ræðisskrifstofa í Rússlandi, eða aðstandendur þeirra, geta ferðast út fyrir yfirráðasvæði viðtökuríkisins og í gegnum yfirráðasvæði Sambandsins, á grundvelli dvalarleyfa þeirra eða vegabréfsáritana sem viðtökuríkið gefur út. Þetta gerir þessum einstaklingum kleift að ferðast til aðildarríkja sem þeir hafa ekki umboð gagnvart og stunda fjandsamlega leyniþjónustustarfsemi sem styður við árásir Rússlands gegn Úkraínu. Slík aðgerð felur fyrst og fremst í sér leynilega starfsemi, s.s. njósnir og dreifingu rangra upplýsinga um árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu til að afbaka almenningsálitið þetta tekur til rangfærslna á sögulegum staðreyndum varðandi úkraínsku þjóðina eða Úkraínu sem þjóð, falskrar lagalegrar réttlætningar á því hver árársaðilinn er í raun og veru og afneitunar á hinum ýmsu brotum rússneska hersins á alþjóðlegum manúðarrétti eða alþjóðlegum mannréttindalögum.
  - 29) Skrifstofu- og tæknistarfsmenn eða þjónustulið sendi- eða ræðisskrifstofa í Rússlandi stundar einnig slíka starfsemi og er notað til að ferðast utan yfirráðasvæðis viðtökuríkisins til að framkvæma leyniþjónustu-aðgerðir til varnar árásarstríði Rússlands. Í ljósi minnkandi umfangs rússneskra sendiskrifstofa er full-orðnum aðstandendum, sem hafa vegabréfsáritanir eða dvalarleyfi á grundvelli viðurkenningar ættingja sinna, falið að vinna í sendiráðunum og framfylgja tilheyrandi fyrirætlunum á yfirráðasvæðum annarra aðildarríkja.
  - 30) Til að sporna við slíku framferði er mikilvægt að tryggja að stjórnvöld aðildarríkjanna viti af ferðum rússneskra stjórnar- og ræðiserindreka, sem og skrifstofu- og tæknistarfsmanna eða þjónustuliðs sendi- eða ræðisskrifstofa Rússlands, eða aðstandenda þeirra, þegar þeir eru á ferð í Sambandinu utan yfirráðasvæðis viðtökuríkis. Í þessu sambandi þykir rétt að skylda þessa einstaklinga til að tilkynna fyrir fram um ferðir sínar til annars aðildarríkis en viðtökuríkisins. Einnig þykir rétt að aðildarríki sem þess óska geti gert kröfu um að slíkir einstaklingar hafi heimild til að ferðast til yfirráðasvæða þeirra á grundvelli vegabréfsáritana eða dvalarleyfa sem annað ríki gefur út.
  - 31) Þessar ráðstafanir eru í samræmi við réttindi og skyldur aðildarríkjanna samkvæmt Vínarsamningnum um stjórnmalasamband frá 1961 eða Vínarsamningnum um ræðissamband frá 1963. Ráðstafanirnar takmarka ekki eða hefta réttindi starfsfólks sendi- eða ræðisskrifstofa Rússlands í aðildarríkjunum samkvæmt þessum tveimur samningum. Ráðstafanirnar hafa einkum ekki áhrif á rétt starfsfólks sendi- eða ræðisskrifstofa Rússlands, sem fer til að taka við stöðu sinni eða snýr aftur til hennar, eða til að fara aftur til heimalands síns, til óhindraðrar ferðar um yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Ráðstafanirnar eru einnig með fyrirvara um réttinn til fjárlrar farar og ferðalaga innan yfirráðasvæðis viðtökuáildarríkisins.
  - 32) Að lokum er nauðsynlegt að gera tiltekna tæknilegar breytingar, þ.m.t. að framlengja frestina sem gilda um tiltekna undanþágur sem nauðsynlegar eru til að losa um fjárfestingar í Rússlandi. Rekstraraðilar ættu að gera sér ljóst að Rússland er land þar sem réttarreglum er ekki lengur beitt og að Rússneska sambandsríkið hefur samþykkt ýmiss konar lög sem beint er gegn eignum fyrirtækja frá svokölluðum „óvinveittum löndum“, þ.m.t. aðildarríkjum. Þessi staða gæti leitt til þess að eignir Sambandsins verði fastar í Rússlandi án möguleika á að ná þeim til baka með skipulegum hætti. Fyrirtækjum í Sambandinu er eindregið ráðlagt að grípa til hvers konar mögulegra ráðstafana til að slíta fyrirtækjum í Rússlandi og ekki koma á fót nýjum fyrirtækjum þar. Með hliðsjón af þessu eru undanþágur til að losa um fjárfestingar framlengdar til að gera fyrirtækjum í Sambandinu kleift að fara af rússneska markaðnum eins fljótt og auðið er. Aðildarríkin veita framlengingu á undanþágum í hverju tilviki fyrir sig og þær beinast að því að gera það kleift að losa um fjárfestingar með skipulegum hætti, sem væri ekki mögulegt án þess að framlengja þessa fresti.
  - 33) Þessar ráðstafanir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggj sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.

- 34) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum ráðstöfunum í framkvæmd.  
 35) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. gr. aa er breytt sem hér segir:
- a) Í stað d-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:
- „d) viðskipti, þ.m.t. sölur, sem eru algerlega nauðsynleg vegna slita, eigi síðar en 31. desember 2026, á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða svipuðu lagalegu fyrirkomulagi sem gert er fyrir 16. mars 2022 og tekur til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í 1. mgr.“;
- b) Eftirfarandi lið er bætt við í 3. mgr.:
- i) með fyrirvara um bannið í 4. gr. o, viðskipti við rekstrareiningar sem skráðar eru undir færslunúmerum 4 og 6 í A-hluta XIX. viðauka, sem eru nauðsynlegar vegna viðskipta, miðlunar, flutnings, þ.m.t. með flutningi milli skipa til þriðju landa, og tengd tæknileg aðstoð, miðlunarþjónusta eða fjármögnun eða fjárhagsaðstoð vegna hráolíu, sem fellur undir SN-númer 2709 00, og jarðolíuafurða, sem falla undir SN-númer 2710, sem eru upprunnar í Rússlandi eða hafa verið fluttar út frá Rússlandi, að því tilskildu að innkaupsverð á tunnu af slíkum vörum sé ekki hærra en verðið sem mælt er fyrir um í XI. viðauka við þessa ákvörðun, í samræmi við a-lið 6. mgr. 4. gr. p í þessari ákvörðun.“;
- c) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við á eftir i-lið í 3. mgr.:
- „Undanþágurnar í a- og aa-lið þessarar málsgreinar gilda ekki um rekstrareininguna sem er skráð undir færslunúmeri 4 í A-hluta X. viðauka nema um flutning á olíu eða hreinsuðum jarðolíuafurðum sem eru upprunnar í þriðja landi og eru einungis settar um borð í Rússlandi, fluttar þaðan eða um það, að því tilskildu að hvorki séu þessar vörur rússneskar að uppruna né eigandi þeirra rússneskur.
- Undanþágurnar í a-, aa- og b-lið þessarar málsgreinar gilda ekki um rekstrareininguna sem er skráð undir færslunúmeri 6 í A-hluta X. viðauka.“
- d) Í stað 3. mgr. a kemur eftirfarandi:
- „3a. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað viðskipti, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sem eru algerlega nauðsynleg til að rekstrareiningarnar sem um getur í 1. mgr. eða dótturfélög þeirra í Sambandinu geti, eigi síðar en 31. desember 2026, losað um fjárfestingar sínar og dregið sig út úr lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu.“;
- 2) Ákvæðum 1. gr. ad er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1.-4. mgr. kemur eftirfarandi:
- „1. Lagt er bann við því, frá og með 25. júní 2024, að lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Sambandinu sem starfa utan Rússlands tengist sendingarkerfi Seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) eða sambærilegri sérhæfðri sendingarþjónustu á sviði fjármála sem Seðlabanki Rússlands kemur á fót og, frá og með 25. janúar 2026, að tengjast kerfum Seðlabanka Rússlands eða kerfum sem annar lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er skráð eða stofnuð samkvæmt rússneskum lögum, lætur í té og fela í sér virkni fyrir fjármálaskilaboð, þ.m.t. hraðgreiðslukerfið (SBP) og Mir-greiðslukortakerfið.
2. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Rússlands sem er á skrá í XVIII. viðauka.
- Í XLIV. viðauka skal tilgreina lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Rússlands, sem nota sendingakerfi Seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) eða sambærilega, sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála sem Seðlabanki Rússlands eða rússneska ríkið kemur á fót, eða kerfi Seðlabanka Rússlands og önnur kerfi sem önnur rússnesk rekstrareining lætur í té og fela í sér virkni fyrir fjármálaskilaboð, þ.m.t. hraðgreiðslukerfið (SBP) og Mir-greiðslukortakerfið.
3. Bannið í 2. mgr. gildir ekki fyrr en 25. apríl 2026 um efnidir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 við lögaðila sem eru á skrá í XVIII. viðauka við ákvörðun ráðsins (ESB) 2025/2033 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir fyrir framkvæmd slíkra samninga.
4. Bannið í 2. mgr. gildir ekki um viðtöku greiðslna sem lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem sett er á skrá í XVIII. viðauka fyrir 24. október 2025, ber að inna af hendi samkvæmt samningum sem eru efnidir fyrir 25. apríl 2026.“

- b) Eftirfarandi liðum er bætt við 5. mgr.:
- „g) nauðsynlegur vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna í þriðju löndum, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í þriðju löndum sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
  - h) af hálfu ríkisborgara aðildarríkis sem eru búsettir í þriðju löndum,
  - i) nauðsynlegur vegna áætlana aðildarríkjanna um sögulega ábyrgð eða stuðning við þjóðernisminnihluta-hópa aðildarríkjanna í Rússlandi.“ ;
- 3) Ákvæðum 1. gr. ae er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem:
- a) er lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna eða greiðsluþjónustu og veitir slíka þjónustu til lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem eru á skrá í þessari ákvörðun og ákvörðun 2014/145/SSUÖ, eða raskar á annan hátt verulega tilganginum með bönnunum í þessari ákvörðun og ákvörðun 2014/145/SSUÖ og í reglugerðum (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014, eins og skráð er í A-hluta XIX. viðauka við þessa ákvörðun,
  - b) er lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna eða greiðsluþjónusta sem styður við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, þ.m.t. með úrvinnslu viðskipta eða fjármögnun útflutnings fyrir verslunarviðskipti sem raska tilgangi þessarar ákvörðunar og reglugerðar (ESB) nr. 833/2014, eins og skráð er í B-hluta XIX. viðauka við þessa ákvörðun,
  - c) er ekki lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna eða greiðsluþjónustu og raskar verulega tilganginum með bönnunum sem sett eru fram í 4. gr. o, 4. gr. p og 4. gr. x í þessari ákvörðun, eins og skráð er í C-hluta XIX. viðauka við þessa ákvörðun.“ ;
- b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
2. Bannið í 1. mgr. gildir um:
- a) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir mælum rekstrareiningar sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. gr. mgr.,
  - b) rekstrareiningu sem er þjónustuveitandi sýndareigna eða greiðsluþjónustu og starfar sem spegilrekstrareining eða rekstrareining (e. *mirror or successor entity*) sem tekur við af rekstrareiningunni sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr.“ ;
- c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- 2a. Að því er varðar b-lið 2. mgr. er spegilrekstrareining eða rekstrareining, sem tekur við af skráðu rekstrareiningunni, rekstrareining þar sem a.m.k. tvær eftirfarandi viðmiðana eru uppfylltar:
- a) í meginatriðum sama inntak, gagnastreymi eða viðskiptaflæði,
  - b) samfella í vörumerkjastjórnun, hönnun eða notendaviðmóti,
  - c) skörun á eignarhaldi, yfirráðum eða stjórnun,
  - d) notendum vísað áfram eða færast til innan skráðrar rekstrareiningar,
  - e) samfella tæknilegra innviða, m.a. notkun sama kóðagrunns, léna eða hugbúnaðar.“ ;
- d) Eftirfarandi liðum er bætt við í 3. mgr.:
- d) nauðsynleg vegna framkvæmdar, til 25. apríl 2026, á samningum sem gerðir eru fyrir 24. október 2025 við lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru á skrá í A-hluta XIX. viðauka við ákvörðun (ESB) 2025/2032 eða á fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga,
  - e) nauðsynleg vegna viðtöku greiðslna sem lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem um getur í A-hluta XIX. viðauka við ákvörðun (ESB) 2025/2032, ber að inna af hendi samkvæmt samningum sem eru gerðir fyrir 24. október 2025“.
- 4) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. 1. gr. af kemur eftirfarandi:
1. Lagt er bann við því að taka þátt í viðskiptum, með beinum eða óbeinum hætti, við hafnir og skipastiga sem eru á skrá í A- og C-hluta XXI. viðauka. A-hluti XXI. viðauka skal taka til hafna og skipastiga í Rússlandi og C-hluti XXI. viðauka til hafna og skipastiga í þriðju löndum, öðrum en í Rússlandi, sem notuð eru.“ ;

## 5) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. ai

## 1. Lagt er bann við því að:

- a) eignast hlut eða auka hlutdeild sína í eignarhaldi eða stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráð til heimilis eða með skráða skrifstofu, aðalstarfsstöð sína eða fasta atvinnustöð innan sérstakra efnahagssvæða, nýsköpunar- eða fríðindasvæða í Rússneska sambandsríkinu sem skráð eru í A- eða B-hluta XXV. viðauka,
- b) stofna ný fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, útibú eða umboðsskrifstofu á sérstökum efnahagssvæðum, nýsköpunar- eða fríðindasvæðum sem talin eru upp í A- eða B-hluta XXV. viðauka eða ásamt lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í a-lið,
- c) gera nýjan samning eða ganga frá nýju samkomulagi um afhendingu á vörum eða þjónustu, eða tengdum hugverkarétti eða viðskiptaleyndarmálum, til eða frá sérstökum efnahagssvæðum, nýsköpunar- eða fríðindasvæðum, sem talin eru upp í A- eða B-hluta XXV. viðauka, eða til notkunar þar, eða ásamt lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í a-lið.

## 2. Lagt er bann við því, frá og með 25. janúar 2026, að:

- a) viðhalda hlutdeild sinni í eignarhaldi eða stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráð formlega til heimilis eða með skráða skrifstofu, aðalstarfsstöð sína eða fasta atvinnustöð innan sérstakra efnahagssvæða, nýsköpunar- eða fríðindasvæða í Rússneska sambandsríkinu sem skráð eru í A-hluta XXV. viðauka,
- b) viðhalda fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, útibú eða umboðsskrifstofu á sérstökum efnahagssvæðum, nýsköpunar- eða fríðindasvæðum sem talin eru upp í A-hluta XXV. viðauka eða með lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í a-lið,
- c) viðhalda samningi eða samkomulagi um afhendingu á vörum eða þjónustu, eða tengdum hugverkarétti eða viðskiptaleyndarmálum, til eða frá sérstökum efnahagssvæðum, nýsköpunar- eða fríðindasvæðum, sem talin eru upp í A-hluta XXV. viðauka, eða til notkunar þar, eða með lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í a-lið.

## 3. Lagt er bann við því að:

- a) að veita eða eiga þátt í fyrirkomulagi við að veita lán eða lánsfrest eða láta á annan hátt í té fjármögnun, þ.m.t. eigið fé, til handa lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í 1. eða 2. mgr., eða í þeim skráða tilgangi að fjármagna slíkan lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun,
- b) láta í té fjárfestingarþjónustu sem tengist beint þeirri starfsemi sem um getur í a-lið eða 1. eða 2. mgr.

## 4. Bönnin í 1., 2. og 3. mgr. skulu einnig gilda um lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun utan sérstakra efnahagssvæða, nýsköpunar- eða fríðindasvæða, sem eru á skrá í XXV. viðauka, sem er í eigu eða undir stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í 1. eða 2. mgr.

## 5. Ákvæði 1.-4. mgr. gilda ekki um:

- a) starfsemi sem er nauðsynleg vegna bráðrar ógnar við lýðheilsu, það að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið, eða viðbrögð við náttúruhamförum,
- b) stafsemi sem er algerlega nauðsynleg vegna beinna eða óbeinna kaupa, innflutnings eða flutnings á jarðgasi, titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum eða járngrýti frá eða í gegnum Rússland inn í Sambandið, land sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða vesturhluta Balkanskaga,
- c) nema það sé bannað skv. 4. gr. o eða 4. gr. p í þessari ákvörðun eða skv. 3. gr. m eða 3. mgr. n í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, starfsemi sem eru algerlega nauðsynleg vegna beinna eða óbeinna kaupa, innflutnings eða flutnings á olíu, þ.m.t. hreinsuðum jarðolíuafurðum, frá eða í gegnum Rússland,
- d) nauðsynlega starfsemi vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings sjófluttrar hráolíu og jarðolíuafurða sem eru á skrá í XIII. viðauka þegar þessar vörur eru upprunnar í þriðja landi og eru einungis settar um borð í skip í Rússlandi, fluttar þaðan eða um það, að því tilskildu að hvorki séu þessar vörur rússneskar að uppruna né eigandi þeirra rússneskur.

## 6. Ákvæði 1. og 3. mgr. og, að öðrum kosti eftir atvikum, 4. mgr. skulu ekki gilda fyrir en 25. janúar 2026 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.

7. Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. geta lögbær stjórnvöld, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað starfsemi sem er algerlega nauðsynleg:
- a) í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða vegna brottflutnings,
  - b) vegna rannsókna, þróunar eða framleiðslu á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum eða matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að flytja inn, kaupa, og flytja samkvæmt þessari ákvörðun eða reglugerð (ESB) nr. 833/2014,
  - c) til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnvísu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, ef slík viðskipti eru í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar og ákvörðunar 2014/145/SSUÖ og reglugerða (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014,
  - d) til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta þar atvinnustarfsemi,
  - e) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu í Rússlandi, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Rússlands og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaverþjónustu í Sambandinu.“ ;
- 6) Ákvæðum 1. gr. b er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
 

„2. Lagt er bann við því að veita ríkisborgurum Rússlands eða einstaklingum sem eru búsettir í Rússlandi, eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi, eftirfarandi þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti:

    - a) þjónustu á sviði sýndareigna, eins og hún er skilgreind í reglugerð (ESB) 2023/1114,
    - b) útgáfu greiðslumiðla, færsluhirðingu greiðslna eða greiðsluvirkjunarþjónustu, eins og það er skilgreint í tilskipun (ESB) 2015/2366,
    - c) útgáfu rafeyris, eins og það er skilgreint í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB (7)“.
  - b) Í stað 2. mgr. a kemur eftirfarandi:
 

„2a. Lagt er bann við því, frá og með 18. janúar 2024, að heimila rússneskum ríkisborgurum eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi að eiga eða stjórna, með beinum eða óbeinum hætti, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og veitir þjónustu tengda sýndareignaveski, sýndareignareikningi eða fjárvörslu sýndareigna.“ ;
  - c) Eftirfarandi kemur í stað inngangsorðanna í 5. mgr.:
 

5. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað viðtöku slíks innláns eða veitingu slíkrar þjónustu, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að viðtaka slíks innláns eða veitingu slíkrar þjónustu sé:“ ;
  - d) Eftirfarandi kemur í stað lokaorðann í 5. mgr.:
 

„Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. a-, b-, c-, e-, f- eða g-lið 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“ ;
  - e) Eftirfarandi málgreinum er bætt við:
 

„5a. Bannið í b- og c-lið 2. mgr. gildir ekki um afhendingu persónusniðinna öryggisskilríkja sem eru nauðsynleg til að fá aðgang að reikningi hjá lánastofnun eða rafeyrisfyrirtæki sem hefur staðfestu í aðildarríki eða samstarfslandi eins og skráð er í VII. viðauka.

5b. Þrátt fyrir b- og c-lið 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu slíkrar þjónustu samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé nauðsynlegt vegna einkanota lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Rússlandi sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða samstarfslands sem er á skrá í VII. viðauka.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“ ;
  - f) Eftirfarandi kemur í stað inngangsorðanna í 6. mgr.:

6. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað viðtöku slíks innláns eða veitingu slíkrar þjónustu, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að viðtaka slíks innláns eða veitingu slíkrar þjónustu sé:“ ;

7) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. ba

Lagt er bann við því að taka þátt, með beinum eða óbeinum hætti, í viðskiptum með sýndareignir sem eru á skrá í XXVI. viðauka.“ ;

8) Eftirfarandi liðum er bætt við 1. mgr. a í 1. gr. e:

- c) nauðsynleg vegna útflutnings, sölu, afhendingar, tilflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að flytja út, selja, afhenda, færa og flytja til Rússlands samkvæmt þessari ákvörðun og reglugerð (ESB) nr. 833/2014,
- d) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að slík viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar og ákvörðunar 2014/145/SSUÖ og reglugerða (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014,
- e) nauðsynleg í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða vegna tilflutnings starfsmanna hjálparstofnana og tengdrar aðstoðar eða brottflutnings,
- f) nauðsynleg vegna viðtöku greiðslna sem lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem um getur í A-hluta X. viðauka, ber að inna af hendi samkvæmt samningum sem eru gerðir fyrir 15. maí 2022,
- g) nauðsynleg til framkvæmdar á leyfum sem lögbær stjórnvöld aðildarríkis hafa veitt skv. 5. mgr. j í 6. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 269/2014,
- h) nauðsynleg vegna áætlana aðildarríkjanna um sögulega ábyrgð eða stuðning við þjóðernisminnihlutahópa aðildarríkjanna í Rússlandi.“ ;

9) Í stað b-liðar 1. mgr. 1. gr. h kemur eftirfarandi:

- b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, á yfir 50% eignarhlut í með beinum eða óbeinum hætti eða“.

10) Í stað 1. gr. k kemur eftirfarandi:

1. gr. k

1. Lagt er bann við því að veita ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi, eftirfarandi þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti:

- a) lögfræðiráðgjöf,
- b) reikningshaldsþjónustu, endurskoðunarþjónustu, þ.m.t. lögboðna endurskoðunarþjónustu, bókhaldsþjónustu, skattaráðgjöf og viðskipta- og rekstrarráðgjöf eða almannatengslaþjónustu,
- c) byggingarþjónustu, arkitektþjónustu, verkfræðiþjónustu, þjónustu á sviði samþættrar verkfræði, borgarskipulags, vísindalegrar og tæknilegrar ráðgjafar sem tengist verkfræði og þjónustu tengda tæknilegum prófunum og greiningu,
- d) þjónustu á sviði auglýsinga, markaðsrannsóknna og skoðanakannana,
- e) ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni,
- f) viðskiptalega þjónustu í geimnum sem felur í sér jarðfjarkönnun eða gervihnattaleiðsögu,
- g) gervigreindarþjónustu sem felur í sér aðgang að líkönum eða vettvöngum fyrir þjálfun þeirra, finnstillingu og ályktanir,
- h) stórvirka tölvuvinnslu, þ.m.t. aðgang að hraðari tölvuvinnslu með myndvinnslueiningu (e. *graphic processing unit accelerated computing*) eða skammtatölvunarþjónustu.

2. Lagt er bann við því að veita þjónustu sem tengist ferðaþjónustu með beinum hætti í Rússlandi.

3. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða afhenda ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi beint eða óbeint hugbúnað til að reka fyrirtæki, hugbúnað fyrir hönnun og framleiðslu á sviði iðnaðar og hugbúnað til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármálageiranum, eins og skráð er í XXXIX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.

3a. Lagt er bann við því að:

- a) veita ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi beint eða óbeint tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist þeirri þjónustu og hugbúnaði sem um getur í 1. og 3. mgr.,
  - b) veita ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi beint eða óbeint fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist því að veita þá þjónustu og útvega þann hugbúnað sem um getur í 1. og 3. mgr. eða því að veita tengda tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu,
  - c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast hugbúnaði sem um getur í 3. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þann hugbúnað, beint eða óbeint, í þágu ríkisstjórnar Rússlands eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi.
4. Krefjast skal fyrirframleyfis til að veita ríkisstjórn Rússlands, beint eða óbeint, þjónustu sem ekki fellur undir 1. eða 2. mgr. Lögbær stjórnvöld geta, á grundvelli sérstaks mats sem byggist á hverju tilviki fyrir sig, heimilað veitingu slíkrar þjónustu samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þá sé í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar og ákvörðunar 2014/145/SSUÖ og reglugerða (ESB) nr. 883/2014 og (ESB) nr. 269/2014.
5. Ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er algerlega nauðsynleg vegna nýtingar réttarins til varnar í dómsmálum og réttarins til skilvirks lagalegs úrræðis.
6. Ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki, auk viðurkenningar á eða fullnustu dóms eða gerðardóms sem fellur í aðildarríki, að því tilskildu að slík veiting þjónustu sé í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar og ákvörðunar 2014/145/SSUÖ og reglugerða (ESB) nr. 883/2014 og (ESB) nr. 269/2014.
8. Ákvæði c- og f-liðar 1. mgr. og 3. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þjónustu eða útvegum hugbúnaðar sem er nauðsynleg vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
- 8a. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um veitingu ríkisborgara aðildarríkis, sem eru búsettir í Rússlandi og voru það fyrir 24. febrúar 2022, á þjónustu til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem um getur í h-lið 10. mgr. og eru vinnuveitendur þeirra, að því tilskildu að slík þjónusta sé eingöngu ætluð til nota fyrir þessa lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir.
- 8b. Ákvæði f-, g- og h-liðar 1. mgr. skulu gilda frá og með 25. nóvember 2025.
- 8c. Ákvæði 2. og 4. mgr. skulu ekki gilda fyrir en 1. janúar 2026 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíks samnings.
- 9a. Þrátt fyrir ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu, sem um getur í þeim, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hún sé algerlega nauðsynleg til að setja upp, votta eða meta varnarráðstöfun sem:
- a) fjarlægir yfirráð sem einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er á skrá í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ og í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014, hefur yfir eignum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er ekki á skrá, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og sem er í eigu eða undir yfirráðum þess fyrrnefnda og
  - b) tryggir að engir frekari fjármunir eða efnahagslegur auður hljóttist af í þágu einstaklingsins, lögaðilans, rekstrareiningarinnar eða stofnunarinnar sem er á skrá.
- 9b. Þrátt fyrir ákvæði g- og h-liðar 1. mgr. og 3. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu þeirrar þjónustu og útvegum þess hugbúnaðar sem um getur þar, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þessi þjónusta eða hugbúnaður sé algerlega nauðsynlegur fyrir framlag ríkisborgara Rússlands til alþjóðlegra verkefna um opinn aðgang.
- 9c. Þrátt fyrir a-, c- og e-liðar 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu sem um getur í henni, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hún sé algerlega nauðsynleg vegna starfsemi ræðis- eða sendiskrifstofu Rússneska sambandsríkisins sem staðsett er í aðildarríki.

9d. Þrátt fyrir ákvæði f-liðar 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu sem um getur í þeim, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hún sé nauðsynleg vegna milliríkjasamstarfs á sviði geimferðaáætlana.

10. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. og 3. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þeirrar þjónustu og útvegum þess hugbúnaðar sem um getur þar, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt:

- a) í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða vegna flutnings starfsmanna hjálparstofnana og tengdrar aðstoðar eða brottflutnings,
- b) fyrir aðgerðir í borgaralegu samfélagi sem efla, með beinum hætti, lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið í Rússlandi,
- c) vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Rússlandi sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
- d) til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins og vegna kaupa, innflutnings eða flutnings inn í Sambandið á titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum eða járngrýti,
- e) til að tryggja samfellda starfrækslu grunnvirkja, vélbúnaðar eða hugbúnaðar sem eru mikilvæg fyrir heilbrigði og öryggi manna eða fyrir öryggi umhverfisins,
- f) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytis-afhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
- g) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu í Rússlandi, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Rússlands og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu,
- h) til einkanota lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Rússlandi sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða samstarfslands, eins og skráð er í VIII. viðauka.

10a. Bannið í 3. mgr. gildir ekki um útvegum hugbúnaðar til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármála-geiranum, eins og skráð er í XXXIX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem er nauðsynlegur vegna efnda samninga, sem gerðir voru fyrir 20. júlí 2025, til 30. september 2025, eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna efnda slíkra samninga.

11. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr., 9. mgr. a, 9. mgr. b, 9. mgr. c og 10. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“ ;

11) Eftirfarandi grein er bætt við:

*1. gr. q*

Lagt er bann við því, í fimm ár eftir sölu eða hvers konar leigufyrirkomulag varðandi skip eða loftför, sem ríkisstjórn Rússlands eða lögaðili, rekstrareining eða stofnun með staðfestu í Rússlandi, annaðist rekstur á, með beinum eða óbeinum hætti, að selja, veita, ábyrgjast eða koma með öðrum hætti á samningi eða samkomulagi sem hefur í för með sér yfirlæslu áhættu frá eða takmörkun áhættu sem tengist váttrygginga-vernd fyrir slík skip eða loftför.“ ;

12) Ákvæðum 4. gr. k er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. e kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld heimilað kaup, innflutning eða tilflutning vara sem falla undir SN-númer 7007, 7019, 8424 1000, 8479, 8481, 8483, 8487, 8504, 8516 2950, 8517, 8525, 8531, 8536, 8537, 8538, 8539, 8542, 8543 og 8603, sem eru á skrá í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt vegna reksturs, viðhalds eða viðgerða á lestarvögnum á línu 3 í neðanjarðarlestarkerfi Búdapest sem voru afhentir 2018, til uppfyllingar á ábyrgð sem nær yfir endingartíma sem Metrowagonmash lagði fram fyrir 24. júní 2023.“ ;

- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „3bb. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2901 10 00 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 25. janúar 2026 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.
- 3bc. Frá og með 26. janúar 2026 til 25. júlí 2026 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki um kaup eða innflutning til Ungverjalands á vörum sem falla undir SN-númer 2901 10 00 og eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi, að því tilskildu að vörurnar séu ætlaðar eingöngu til nota í Ungverjalandi.
- 3bd. Vörur sem falla undir SN-númer 2901 10 00, sem fluttar eru inn til Ungverjalands samkvæmt undanþágunni í 3. mgr. bc, skulu ekki seldar áfram til kaupenda sem staðsettir eru í öðru aðildarríki eða í þriðja landi.“ ;
- „3g Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld heimilað kaup, innflutning eða tilflutning vara sem falla undir SN-númer 8539 49, sem eru á skrá í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt vegna reksturs, viðhalds eða viðgerða á útfjólubláum lömpum sem er notaðir til sóttþreinsunar á drykkjarvatni þegar birgir sambærilegra útfjólublárra lampa og tengdra vara er ekki til staðar utan Rússlands.“ ;
- c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:
- „6. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. ab, 3. mgr. c, 3. mgr. e og 3. mgr. g innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“ ;
- 13) Ákvæðum 4. gr. m er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæði 3. mgr. ag falla brott.
- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- 3aj. Að því er varðar vörur sem falla undir tiltekin SN-númer gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 25. janúar 2026 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.
- 3ak. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 6902 og 6909 19 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 25. apríl 2026 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“ ;
- c) Í stað e-liðar 4. mgr. a kemur eftirfarandi:
- e) vörum sem falla undir SN-númer 7615 10, SN-númer 8414 60, SN-númer 8422 30 og SN-númer 8423 10,“.
- 14) Ákvæðum 4. gr. r er breytt sem hér segir:
- a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:
- „1. Þrátt fyrir 3. gr., 3. gr. a, 4. gr., 4. gr. c, 4. gr. d, 4. gr. g, 4. gr. j og 4. gr. m geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni, sem eru á skrá í II., VII., X., XI., XVI., XVIII., XX. og XXIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/821, sem og sölu, leyfisveitingu eða annars konar framsal á hugverkarétti eða viðskiptaleyndarmálum, sem og veitingu réttar til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur hér að framan til 31. desember 2026 ef slík sala, afhending, tilflutningur, leyfisveiting eða veiting réttar til aðgangs eða endurnotkunar er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi þar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt.“ ;
- b) Í stað 1. mgr. a kemur eftirfarandi:
- „1a. Þrátt fyrir 3. gr., 3. gr. a, 4. gr. og 4. gr. m geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni, sem eru á skrá í II., VII. og XXIII. viðauka til 31. desember 2026, ef slík sala, afhending, tilfærsla eða veiting er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingu í félagi um samrekstur, sem er skráð eða stofnað er til samkvæmt lögum aðildarríkis fyrir 24. febrúar 2022, með þátttöku rússnesks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, og rekur grunnvirki fyrir gasleiðslur milli Rússlands og þriðju landa, eða veitir tækniástoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsástoð í tengslum við slíkar vörur og tækni sem er algerlega nauðsynleg vegna reksturs, viðhalds, viðgerðar eða útskipta á íhlutum í slíkum leiðslum og tengdum grunnvirkum sem skipta miklu máli í framangreindri losun fjárfestinga.“

- c) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:  
 „2. Þrátt fyrir 4. gr. i og 4. gr. k geta lögbær stjórnvöld heimilað innflutning eða tilflutning á vörum sem eru á skrá í XVII. og XXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til 31. desember 2026, ef slíkur innflutningur eða tilflutningur er algerlega nauðsynlegur til þess að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi þar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“
- d) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. a kemur eftirfarandi:  
 2a. Þrátt fyrir 1. gr. k geta lögbær stjórnvöld heimilað áframhaldandi veitingu þjónustu sem þar er talin upp til 31. desember 2026 ef slík veiting þjónustu er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi þar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“
- e) Ákvæði 2. mgr. b falla brott.
- 15) grein er bætt við:

*4. gr. wa*

1. Lagt er bann við, frá og með 25. apríl 2026, kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á fljótandi jarðgasi sem fellur undir SN-númer 2711 11 00 ef það er upprunið í Rússlandi eða flutt út frá Rússlandi.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda frá og með 1. janúar 2027 ef um er að ræða kaup, innflutning eða tilfærslu samkvæmt samningi um afhendingu fljótandi jarðgass, að undanskilinni jarðgasafleiðu, sem gildir lengur en í eitt ár og samningurinn var gerður fyrir 17. júní 2025 og ekki breytt eftir það, nema breytingin takmarkist við:
- a) lækkun á umsömdu magni,
  - b) lækkun á verði og gjöldum,
  - c) breytingu á ákvæðum um trúnaðarkvaðir,
  - d) breytingu á verklagsreglum, t.d. verklagsreglum um fjarskipti,
  - e) breytingar á heimilisföngum samningsaðila,
  - f) tilfærslu á samningsbundnum skyldum milli tengdra fyrirtækja,
  - g) breytingar sem krafist er vegna meðferðar fyrir dómstóli eða gerðardómi eða
  - h) breytingar, þegar um landlukt lönd er að ræða, milli afhendingarstaða innanlands.
3. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagsaðstoð eða aðra þjónustu sem tengjast banninu er um getur í 1. mgr.“
- 16) Ákvæðum 4. gr. x er breytt sem hér segir:
- a) Í stað f-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:  
 f) að veita fjármagn og fjárhagsaðstoð, þ.m.t. tryggingar og endurtryggingar, auk miðlunarþjónustu, þ.m.t. skipamiðlun,“.
  - b) Í stað b-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:  
 b) flytja hráolíu eða jarðolíuafurðir, sem eru á skrá í XIII. viðauka eða jarðefni, sem eru upprunnin í eða flutt út frá Rússlandi, og stunda óreglulega og áhættusama sjóflutninga eins og fram kemur í ályktun allsherjarþings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1192(33),“.
- 17) Eftirfarandi greinum er bætt við:

*5. gr. d*

1. Rússneskir ríkisborgarar, sem eru starfsmenn sendi- eða ræðisskrifstofa Rússlands, skrifstofu- og tækni-starfsmenn eða þjónustulið sendi- eða ræðisskrifstofa í Rússlandi, eða aðstandendur þeirra, handhafar gilds dvalarleyfis, þ.m.t. diplómátskra skilríkja, eða gildrar vegabréfsáritunar, sem annað ríki hefur gefið út, sem ætla sér að ferðast til eða fara í gegnum yfirráðasvæði aðildarríkis, á grundvelli þess dvalarleyfis eða þeirrar vegabréfsáritunar, skulu tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum um ferðina a.m.k. 24 klukkustundum fyrir fyrirhugaðan komudag inn á yfirráðasvæði þeirra.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ólögráða börn eða aðstandendur sem eru ekki til heimilis hjá fulltrúa sendi- eða ræðisskrifstofu.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ferðir til eða gegnumferð um yfirráðasvæði aðildarríkisins sem gaf út dvalarleyfið eða vegabréfsáritunina.

4. Tilkynning í 1. mgr. skal innihalda:

- a) flutningatæki; fyrir einkaökutæki, þ.m.t. ökutæki sem eru í eigu sendi- eða ræðisskrifstofu eða starfsmanns hennar, skal koma fram tegund, gerð og skráningarnúmer; fyrir almenningssamgöngur skal koma fram nafn flutningsaðila og leiðarkóði eða sambærilegt,
- b) komustað inn á yferráðasvæðið,
- c) komudag inn á yferráðasvæðið,
- dd) brottfararstað af yferráðasvæðinu,
- e) brottfarardag af yferráðasvæðinu.

5. Aðildarríkin skulu upplýsa ráðið um þau tilvik þar sem ekki er staðið við skuldbindinguna í 1. mgr.

6. Þessi grein gildir frá 25. janúar 2026.

#### 5. gr. e

1. Aðildarríki getur gert kröfu um heimild fyrir ferðum eða gegnumferðum rússneskra ríkisborgara um yferráðasvæði þess sem eru starfsmenn sendi- eða ræðisskrifstofa Rússlands eða skrifstofu- og tækni-starfsmenn eða þjónustulið sendi- eða ræðisskrifstofa Rússlands, eða aðstandendur þeirra, handhafar gilds dvalarleyfis, þ.m.t. diplómatiskra skilríkja, eða gildrar vegabréfsáritunar sem annað ríki gefur út á grundvelli dvalarleyfisins eða vegabréfsáritunarinnar.

2. Landsbundnar ráðstafanir sem eru samþykktar á grundvelli 1. mgr.:

- a) skulu uppfylla skuldbindingar aðildarríkis að þjóðarétti gagnvart eigin ríkisborgurum,
- b) skulu ekki gilda um ólögráða börn eða aðstandendur sem eru ekki til heimilis hjá fulltrúa sendi- eða ræðisskrifstofu,
- c) skulu ekki hafa áhrif á réttindi einstaklings í samræmi við reglur þjóðaréttar þegar hann fer til að taka við stöðu sinni eða snýr aftur til hennar eða þegar hann snýr aftur til heimalands síns,
- d) skulu ekki hafa áhrif á í tilvikum þar sem aðildarríki er skuldbundið að þjóðarétti, nánar tiltekið:
  - i. sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,
  - ii. sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu eða meðferðar sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,
  - iii. samkvæmt marghliða samningi þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi eða
  - iv. samkvæmt sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningnum) sem Páfagarður (Vatíkánborgríkið) og Ítalía gerðu sín í milli,
  - v. sem gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og
- e) skulu ekki eiga við um ferðir einstaklinga, sem eru í stjórnarerindrekahópi Rússlands, til og frá yferráðasvæðum aðildarríkjanna eða um þau í þeim tilgangi að taka þátt í alþjóðlegri ráðstefnu sem Evrópusambandið, Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra, Evrópuráðið, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Efnahags- og framfarastofnunin eða Atlantshafsbandalagið boða til eða er haldin á þeirra vegum.

3. Aðildarríki sem ákveður að samþykkja landsbundnar ráðstafanir skv. 1. mgr. skal upplýsa ráðið um það eigi síðar en fimm dögum áður en slíkar ráðstafanir öðlast gildi.

4. Þessi grein gildir frá 25. janúar 2026.“

18) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbæru stjórnvöldin, á grundvelli sérstaks mats í hverju tilviki fyrir sig, heimilað, til 31. desember 2026, fullnustu kröfu sem sett er fram af hálfu aðilanna, rekstrareininganna og stofnananna sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr., samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að fullnusta kröfunnar sé algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi þar.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

19) Í stað 8. gr. c kemur eftirfarandi:

*8. gr. c*

Ráðið skal, einróma á grundvelli 29. og 30. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, gera breytingar á I., II., III., IV., V., VI., VIII., IX., X., XI., XIV., XVI., XVII., XVIII., XIX., XX., XXI., XXII., XXIII., XXIV., XXV. og XXVI. viðauka.“

20) Viðaukunum við ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 23. október 2025.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti*

M. BJERRE

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj>).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dir/2015/2366/oj>).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj>).

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 78, 18.6.2011, bls. 16, ELI: [https://data.europa.eu/eli/dec/2014/145\(1\)/oj](https://data.europa.eu/eli/dec/2014/145(1)/oj).

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2014/833/oj>.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2014/269/oj>.

<sup>(7)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dir/2009/110/oj>).

## VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <https://data.europa.eu/eli/dec/2025/2032/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: [https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)]

**Fylgiskjal 8.33.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/2033**

frá 23. október 2025

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/2032 frá 23. október 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014 <sup>(2)</sup>.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ <sup>(3)</sup>.
- 3) Hinn 23. október 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 sem breytir ákvörðun 2014/512/SSUÖ.
- 4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 er 45 rekstrareiningum bætt við skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir, sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.e. skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem styðja við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem eru látnar sæta þrengri takmörkunum á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands. Meðal rekstrareininga sem skráðar eru í ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 eru tilteknar rekstrareiningar í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem stuðla óbeint að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands og gera þannig sniðgöngu útflutningstakmarkana mögulega, þ.m.t. á tölvustýringarvélum, örrásartækni, ómönnuðum loftförum, og annarri háþróaðri tækni með tvíþætt notagildi.
- 5) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 er aukið við skrána yfir hluti, sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, með því að setja á skrána hluti sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hluti sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa Rússlands, þ.m.t. rafeindahluti, fjarlægðarmæla, fleiri íðefni sem notuð eru við gerð drifefna, og frekari málma, oxíði og málmblendi sem eru notuð við framleiðslu hernaðarkerfa.
- 6) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 voru teknar upp nýjar markvissar undanþágur frá banninu við kaupum, innflutningi eða tilflutningi á tilteknum hlutum sem skapa Rússlandi umtalsverðar tekjur og eru nauðsynlegir vegna reksturs, viðhalds eða viðgerða á útfjólubláum lömpum sem eru notaðir til sóthreinsunar á drykkjarvatni. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 voru einnig gerðar breytingar á undanþágu frá banninu við kaupum, innflutningi eða tilflutningi á tilteknum hlutum sem skapa Rússlandi umtalsverðar tekjur og eru nauðsynlegir vegna reksturs, viðhalds eða viðgerða á lestarvögnum á línu 3 í neðanjarðarlestarkerfi Búdapest.
- 7) Til að draga enn frekar úr tekjum Rússlands er bannið við kaupum, innflutningi eða tilfærslu tiltekinna hluta, sem skapa umtalsverðar tekjur fyrir Rússland, framlengt með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 þannig að það nái yfir öll keðjulaga vetniskolefni.
- 8) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 eru lögð frekari útflutningshöft á vörur sem gætu stuðlað að því að auka getu Rússlands á sviði iðnaðar, s.s. sölt og málmgrýti, vörur úr gúmmí, rör, dekk, kvarnarsteina og byggingarefni.
- 9) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 er aukið við skrána yfir samstarfslönd vegna innflutnings á jarðolíu-afurðum.
- 10) Til að draga enn frekar úr tekjum Rússlands af útflutningi á jarðefnaeldsneyti, hækka kostnað vegna ólöglegra aðgerða þess í Úkraínu og setja hámarksþrýsting á Rússland um að binda enda á árásarstríð sitt gegn Úkraínu er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 lagt bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, til Sambandsins á fljóttandi jarðgasi, sem er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi, sem og við veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar. Til að veita rekstraraðilum í Sambandinu hámarksréttarvissu, einkum gasinnflytjendum í Sambandinu, og einnig til að veita skýrleika varðandi

gildandi lagaákvæði samkvæmt lögum Sambandsins þykir rétt að leggja áherslu á að farið ætti að þessu banni, sem hefur eins og aðrar ráðstafanir í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 bein réttaráhrif og veitir aðildarríkjum eða rekstraraðilum í Sambandinu ekki ákvörðunarrétt, þrátt fyrir hugsanlegar ráðstafanir samkvæmt öðrum lagagrundvelli sem taka til innflutnings, kaupa eða tilfærslu á fljótandi jarðgasi sem er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi. Þar til reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er felld úr gildi ætti gildissvið þessarar ráðstöfunar að haldast, óháð öðrum réttargerðum sem falla undir annan lagagrundvöll.

- 11) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 eru innleiddar viðbótarmerkingar fyrir skip, breytingar gerðar á einni viðmiðuninni varðandi tilgreiningu og á tengdum ákvæðum um bannaða þjónustu fyrir tilgreind skip. Varðandi bann við því að rekstraraðilar í Sambandinu veiti tilgreindum skipum váttryggingar og endurtryggingar hefur tilgreining skips ekki áhrif á greiðslu bóta frá viðkomandi váttryggjanda skipsins til aðila og rekstrareininga sem hafa orðið fyrir tjóni af völdum skipsins að því er varðar kröfur sem rekja má til atburða sem áttu sér stað áður en skipið var tilgreint.
- 12) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 eru tilteknar undanþágur, sem tengjast orku, felldar úr viðskiptabanninu fyrir tvö tiltekin ríkisrekin fyrirtæki.
- 13) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 er viðskiptabannið, sem gildir um lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem tengjast sendingakerfi Seðlabanka Rússneska sambandsríkisins fyrir fjármálaskilaboð („SPFS“) eða sambærilegri sérhæfðri sendingarþjónustu á sviði fjármála sem Seðlabanki Rússlands kemur á fót, vikkað út þannig að það taki til annarrar greiðsluþjónustu, s.s. greiðslukortakerfis Rússneska sambandsríkisins („Mir“ á rússnesku) eða hraðgreiðslukerfisins („SBP“) sem Seðlabanki Rússlands eða aðrar rússneskar rekstrareiningar koma á fót. Með henni er einnig bætt við undanþágum vegna viðskipta sem eru nauðsynleg vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna í þriðju löndum og vegna viðskipta ríkisborgara aðildarríkis, sem eru búsettir í þriðja landi, viðskipta sem eru nauðsynleg vegna gildandi samninga og móttöku greiðslna, og vegna þjóðernisminnihluta aðildarríkjanna í Rússlandi.
- 14) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 er viðskiptabann á lána- og fjármálastofnanir í þriðju löndum og þjónustuveitendur sýndareigna vikkað út þannig að það taki einnig til rekstrareininga sem veita greiðsluþjónustu, einkum rekstrareininga sem veita skráðum rekstrareiningum þjónustu á sviði sýndareigna og greiðsluþjónustu. Til að berjast gegn útbreiðslu nýrra rekstrareininga sem taka við af rekstrareiningum á skránni vikkar hún viðskiptabannið einnig út þannig að það nái yfir jafngildar rekstrareiningar, að uppfylltum tilteknum viðmiðunum. Auk þess bætast átta (8) nýjar rekstrareiningar við skrána í XIX. viðauka við þá ákvörðun. Endurspeglar ætti þá viðbót með því að bæta þessum rekstrareiningum við skrána í XLV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Loks bætir hún einnig við undanþágum vegna viðskipta sem eru nauðsynlegar vegna gildandi samninga og móttöku greiðslna.
- 15) Ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 vikkar enn frekar út bannið við viðskiptum við hafnir og skipastiga í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem eru notuð til að flytja ómönnuð loftför eða flugskeyti eða tengda tækni eða íhluti þeirra til Rússlands eða til að sniðganga verðþak fyrir olíu með því að skip stundi óreglulega og áhættusama sjóflutninga, eða til að sniðganga aðrar þvingunaraðgerðir.
- 16) Sérstök efnahagssvæði, nýsköpunar- og fríðindasvæði eru grundvallarþáttur í efnahagsþróunaráætlun Rússneska sambandsríkisins. Þeim er ætlað að laða að beinar fjárfestingar og efla getu á sviði iðnaðar, tækni og nýsköpunar með því að bjóða ívilnandi skatta-, tolla- og reglakerfi að því er varðar iðngarða, tækniklasa, birgðastjórnunarmiðstöðvar og hafnarsvæði í Rússneska sambandsríkinu.
- 17) Meðal þessara svæða eru sérstök efnahagssvæði (SEZ), nýsköpunarkerfi, og fríðindakerfi í Austasta sambandsumdæminu og Norðurslóðaumdæminu (e. *Far Eastern and Arctic preferential regimes*), eins og skilgreint er í rússneskum lögum, s.s. lögum sambandsríkisins nr. 116-FZ frá 22. júlí 2005, lögum sambandsríkisins nr. 244-FZ frá 28. september 2010, lögum sambandsríkisins nr. 212-FZ frá 13. júlí 2015 og lögum sambandsríkisins nr. 193-FZ frá 13. júlí 2020. Tiltekin sérstök efnahagssvæði og nýsköpunarkerfi eru grundvallarþáttur í getu Rússlands á sviði iðnaðar og tækni og hýsa fyrirtæki sem starfa við framleiðslu eða þróun vara með tvíþætt notagildi, háþróaðra rafeindatæknikerfa, þjarkatækni, hugbúnaðar, farartækja, íhluta fyrir flug, ómannaðra loftnetskerfa og annarra vara og tækni sem stuðla að stríðsrekstri Rússa. Fríðindakerfi í Austasta sambandsumdæminu og Norðurslóðaumdæminu styðja við vöruferilsstjórnun á sjó, skipasmíðar, námu- og jarðolíu- og jarðgasgeirana og orkuútflytninguleiðir sem eru grundvallarþáttur í efnahagslegri tilfærslu Rússlands með áherslu á Asíu, og til að sniðganga þvingunaraðgerðir.
- 18) Til að svipta Rússland enn frekar þeim úrræðum sem eru notuð til að viðhalda árasum þess gegn Úkraínu er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 lagt bann við því að hefja þátttöku í fyrirtækjum, sem stofnuð eru eða starfrækt á tilteknum sérstökum efnahagssvæðum, nýsköpunar- eða fríðindasvæðum, stofna með þeim fyrirtæki um sameiginlegt verkefni og veita þeim fjármögnun, og bann lagt við gerð nýrra samninga við slík fyrirtæki. Enn fremur er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 lagt bann við því að viðhalda hvers konar

þátttöku í fyrirtækjum sem stofnuð eru eða starfrækt á tilteknum sérstökum efnahagssvæðum, nýsköpunar- eða fríðindasvæðum eða stofna með þeim fyrirtæki um sameiginlegt verkefni. Loks er kveðið á um viðeigandi undanþágur og frávik til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af þessum bönnum.

- 19) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 eru settar takmarkanir á veitingu þjónustu á sviði sýndareigna, veitingu greiðsluþjónustu sem um getur í 5. og 7. lið I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 <sup>(4)</sup> og á útgáfu rafeyris til rússneskra ríkisborgara, einstaklinga sem búsettir eru í Rússlandi og lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Rússlandi, með tilliti til mikilvægis þessarar þjónustu fyrir þróun fjártækni og rafrænnar verslunar í Rússlandi og mögulegrar notkunar þjónustu á sviði sýndareigna til að sniðganga þvingunaraðgerðir. Þessar takmarkanir ná ekki til framkvæmdar greiðslna eins og um getur í 3. og 4. lið I. viðauka við tilskipun (ESB) 2015/2366. Ekki ætti að líta svo á að þessar takmarkanir á veitingu greiðsluþjónustu skyldi greiðsluvirkjendur (e. *payment initiation service providers*) til að ákvarða þjóðerni, búsetu eða staðfestustað notenda greiðsluþjónustu í hverju einstöku tilviki eða færsluhirða greiðslna (e. *acquirers of payment transactions*) til að beita viðurlögum við skimun einstakra greiðslukortafærslna. Meginábyrgð á því að fylgja eftir þvingunaraðgerðum í tengslum við framkvæmd greiðslna hvílir á þeim greiðsluþjónustuveitanda sem þjónustar viðkomandi reikning. Þessar takmarkanir á veitingu þjónustu á sviði sýndareigna eru einnig bindandi fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem starfa samkvæmt umbreytingarfyrirkomulaginu sem sett er fram í 3. mgr. 143. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 <sup>(5)</sup>.
- 20) Notkun tiltekinna sýndareigna getur skapað umtalsverða hættu á því að bönnin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og reglugerð (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu <sup>(6)</sup>, verði sniðgengin, einkum viðskiptabönn og frysting eigna. Bann við viðskiptum með þessar sýndareignir er nauðsynleg ráðstöfun til að koma í veg fyrir þessa niðurstöðu og gerir jafnframt ráð fyrir takmörkuðum tíma til að slíta gildandi samningum með skipulegum hætti.
- 21) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 er bætt við fimm lána- eða fjármálastofnunum á skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem falla undir viðskiptabann. Viðskiptabannið nær til tiltekinna rússneskra lána- eða fjármálastofnana eða annarra rekstrareininga, sem eru áskrifendur að sendingarþjónustu á sviði fjármála, eða rússneskra dótturfyrirtækja lána- eða fjármálastofnana í þriðju löndum, sem skipta máli fyrir rússneska fjármála- og bankakerfið og eru annaðhvort stórir eða mikilvægir svæðisbundnir bankar, sem greiða af þeim sökum fyrir svæðisbundnum og alríkisstengdum fjármálum og viðskiptum, eða bankar sem greiða fyrir framkvæmd verulegra greiðslna yfir landamæri og efla þannig rússneska hagkerfið og atvinnulíf þess, bankar sem grafa undan landamærahelgi Úkraínu með því að starfa á hernumdum svæðum í Úkraínu eða bankar sem falla þegar undir þvingunaraðgerðir Sambandsins eða samstarfslanda þess. Samhliða þessu er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 bætt við undanþágum sem eru nauðsynlegar vegna mannúðarsjónarmiða, vegna útflutnings, sölu, afhendingar, tilfærslu eða flutnings á lyfjum, lækninga- eða landbúnaðarvörum og matvælum, til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnisýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem kveðnir eru upp í aðildarríki, vegna viðtöku greiðslna sem lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum undir stjórn rússneskra stjórnvalda ber að inna af hendi samkvæmt samningum sem gerðir eru fyrir 15. maí 2022 og vegna framkvæmdar á tilteknum leyfum sem eru veitt samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 269/2014 og vegna þjóðernisminnihlutahópa aðildarríkjanna í Rússlandi. Þessar undanþágur og frávik hafa ekki áhrif á bannið við því að rekstraraðilar í Sambandinu veiti rekstrareiningum, sem eru á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sendingarþjónustu á sviði fjármála.
- 22) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 eru settar frekari takmarkanir á það að veita ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi þjónustu sem stuðlar að því að efla tæknilega getu Rússlands, þ.e. tiltekna viðskiptalega þjónustu í geimnum (e. *commercial space-based services*), tiltekna gervigreindarþjónustu og stórvirka tölvu- og skammtatölvunarþjónustu. Enn fremur vikkar ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 út gildissvið núgildandi takmarkana þannig að þær nái ekki einungis yfir tæknilegar prófanir og greiningu, samkvæmt flokkuninni í flokki 8676 í aðalvöruflokkuninni, eins og hún er sett fram hjá Hagstofu Sameinuðu þjóðanna, Statistical Papers, Series M, No 77, CPC prov., 1991, heldur einnig aðra þjónustu sem myndar flokk 867 í aðalvöruflokkuninni. Þessi þjónusta felur einkum í sér, samkvæmt flokkuninni í flokki 8675, eftirfarandi vísindalega og tæknilega ráðgjafarþjónustu í tengslum við verkfræði: jarðfræðilega, jarðeðlisfræðilega og aðra vísindalega jarðefnaleit, kannanir undir yfirborði, yfirborðsmælingar og kortagerð.
- 23) Enn fremur takmarkar ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 veitingu þjónustu sem tengist ferðaþjónustu í Rússlandi með beinum hætti, einkum þjónustu sem fellur undir flokka 7471 og 7472 í aðalvöruflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna, Statistical Papers, Series M, No 77, CPC prov., 1991. Þetta er gert til að draga úr

tekjum sem Rússland hefur af slíkri þjónustu og hindra ónaúðsynleg ferðalög og afþreyingu til Rússlands, einkum í aðstæðum þar sem ríkisborgarar Sambandsins standa frammi fyrir aukinni hættu á handahófskenndum handtökum og gæsluvarðhaldi, og þar sem ræðisvernd fyrir einstaklinga með tvöfalt ríkisfang er takmörkuð.

- 24) Í ljósi áframhaldandi árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu ætti lögbært stjórnvald að meta fyrir fram frekari veitingu þjónustu í þágu ríkisstjórnar Rússlands til að draga úr þeirri áhættu að þjónusta efli hernaðarlega, tæknilega eða iðnaðarlega getu Rússlands. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 er því sett fram krafa um fyrirframleyfi lögbærs stjórnvalds fyrir hvers kyns þjónustu sem veitt er ríkisstjórn Rússlands sem fellur ekki þegar undir þvingunaraðgerðirnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
- 25) Til að takmarka getu rússneska ríkisins til að afla tekna af gömlum loftförum og skipum sem hafa fengið lítið viðhald er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 bannað að veita endurtryggingar fyrir notuð loftför eða skip Rússlands í fimm ár eftir samkomulag um sölu eða leigu á þeim loftförum eða skipum sem gert er eftir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 26) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 er komið á, innan Schengen-svæðisins og þegar ferðast er til aðildarríkis sem er annað en það sem viðkomandi hefur umboð gagnvart, kerfi fyrirframtilkynninga fyrir rússneska stjórnar- og ræðiserindreka, sem og skrifstofu- og tæknistarfsmenn eða þjónustulið sendi- eða ræðis-skrifstofa Rússlands og aðstandendur þeirra. Kerfi fyrirframtilkynninga miðar að því að tryggja aðildarríkjunum vitneskju um tengdar ferðir í ljósi vaxandi fjandsamlegrar leyniþjónustustarfsemi sem styður við árásir Rússlands gegn Úkraínu. Í ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 er einnig kveðið á um að þau aðildarríki sem þess óska geti gert kröfu um að slíkir einstaklingar hafi leyfi til að ferðast til yfirráðasvæða þeirra á grundvelli vegabréfsáritana eða dvalarleyfa sem annað ríki gefur út.
- 27) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 eru einnig gerðar tiltekna tæknilegar breytingar á reglugerð (ESB) nr. 833/2014, þ.m.t. framlenging fresta sem gilda um tiltekna undanþágur sem nauðsynlegar eru til að losa um fjárfestingar í Rússlandi. Rekstraraðilar ættu að gera sér ljóst að Rússland er land þar sem réttarreglum er ekki lengur beitt og að Rússneska sambandsríkið hefur samþykkt ýmiss konar lög sem beint er gegn eignum fyrirtækja frá svokölluðum „óvinveittum löndum“, þ.m.t. aðildarríkjunum. Þessi staða gæti leitt til þess að eignir Sambandsins verði fastar í Rússlandi án möguleika á að ná þeim til baka með skipulegum hætti. Í ljósi þessa og þar sem fyrirtæki í Sambandinu eru eindregið hvött til að gera hvers kyns mögulegar ráðstafanir til að slíta fyrirtækjum í Rússlandi og ekki koma á fót nýjum fyrirtækjum þar þykir rétt að framlengja undanþágur til að losa um fjárfestingar og gera fyrirtækjum í Sambandinu kleift að fara af rússneska markaðnum eins skjótt og unnt er. Aðildarríkin veita framlengingu á undanþágum í hverju tilviki fyrir sig og þær beinast að því að gera það kleift að losa um fjárfestingar með skipulegum hætti, sem væri ekki mögulegt án þess að framlengja þessa fresti.
- 28) Þessar ráðstafanir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 29) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liðum er bætt við í 1. gr.:

„zh) „sýndareignir“: sýndareignir eins og þær eru skilgreindar í 5. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 (<sup>7</sup>),

zi) „greiðsluþjónusta“: þjónusta eins og hún er skilgreind í 3. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 (<sup>8</sup>),

zj) „þjónusta sem tengist ferðaþjónustu með beinum hætti“: eftirfarandi þjónusta:

- i. þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjanda, þ.m.t. þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjanda varðandi ferðir farþega og svipuð þjónusta; þjónusta tengd ferðaupplýsingum, -ráðgjöf og -skipulagningu; þjónusta tengd tilhögun ferða, gistingu og flutningi farþega og farangurs; þjónusta við farmiðauðgáfu,
- ii. þjónusta leiðsögumanna,
- iii. auglýsingaþjónusta tengd þeirri þjónustu sem um getur í i. og ii. lið.

- 2) Ákvæðum 3. gr. i er breytt sem hér segir:

## a) Í stað 3. mgr. e kemur eftirfarandi:

„3e. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld heimilað kaup, innflutning eða tilflutning vara sem falla undir SN-númer 7007, 7019, 8424 10 00, 8479, 8481, 8483, 8487, 8504, 8516 29 50, 8517, 8525, 8531, 8536, 8537, 8538, 8539, 8542, 8543 og 8603, sem eru á skrá í XXI. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt vegna reksturs, viðhalds eða viðgerða á lestarvögnum á línu 3 í neðanjarðarlestarkerfi Búdapest sem voru afhentir 2018, til uppfyllingar á ábyrgð sem nær yfir endingartíma sem Metrowagonmash lagði fram fyrir 24. júní 2023.“

## b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3bb. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2901 10 00 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 25. janúar 2026 um efnidir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

3bc. Frá og með 26. janúar 2026 til 25. júlí 2026 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki um kaup eða innflutning til Ungverjalands á vörum sem falla undir SN-númer 2901 10 00 og eru upprunnar í eða fluttar út frá Rússlandi, að því tilskildu að vörurnar séu ætlaðar eingöngu til nota í Ungverjalandi.

3bd. Vörur sem falla undir SN-númer 2901 10 00, sem fluttar eru inn til Ungverjalands samkvæmt undanþágunni í 3. mgr. bc, skulu ekki seldar áfram til kaupenda sem staðsettir eru í öðru aðildarríki eða í þriðja landi.“

„3g Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld heimilað kaup, innflutning eða tilflutning vara sem falla undir SN-númer 8539 49, sem eru á skrá í XXI. viðauka, eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt vegna reksturs, viðhalds eða viðgerða á útfjólubláum lömpum sem er notaðir til sóthreinsunar á drykkjarvatni þegar birgir sambærilegra útfjólublárra lampa og tengdra vara er ekki til staðar utan Rússlands.“

## c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. ab, 3. mgr. c, 3. mgr. e eða 3. mgr. g innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

## 3) Ákvæðum 3. gr. k er breytt sem hér segir:

## a) Ákvæði 3. mgr. ag falla brott.

## b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3aj. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númerin á skrá í viðauka XXIII G gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 25. janúar 2026 um efnidir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

3ak. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 6902 og 6909 19 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 25. apríl 2026 um efnidir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

## c) Í stað e-liðar 5. mgr. a kemur eftirfarandi:

„e) vörum sem falla undir SN-númer 7615 10, SN-númer 8414 60 og SN-númer 8423 10,“.

## 4) Eftirfarandi grein er bætt við:

## „3. gr. ra

1. Lagt er bann, frá og með 25. apríl 2026, við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á fljótandi jarðgasi sem fellur undir SN-númer 2711 11 00 ef það er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda frá og með 1. janúar 2027 ef um er að ræða kaup, innflutning eða tilfærslu samkvæmt samningi um afhendingu fljótandi jarðgass, að undanskilinni jarðgasafleiðu, sem gildir lengur en í eitt ár og samningurinn var gerður fyrir 17. júní 2025 og ekki breytt eftir það, nema breytingin takmarkist við:

- a) lækkun á umsömdu magni,
- b) lækkun á verði og gjöldum,
- c) breytingu á ákvæðum um trúnaðarkvaðir,

- d) breytingu á verklagsreglum, t.d. verklagsreglum um fjarskipti,
  - e) breytingar á heimilisföngum samningsaðila,
  - f) tilfærslu á samningsbundnum skyldum milli tengdra fyrirtækja,
  - g) breytingar sem krafist er vegna meðferðar fyrir dómstóli eða gerðardómi eða
  - h) þegar um landlukt lönd er að ræða, breytingar milli afhendingarstaða innanlands.
3. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tæknaaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagsaðstoð eða aðra þjónustu sem tengjast banninu er um getur í 1. mgr.
4. Í samræmi við 13. og 14. gr. skal fara að bönnunum í 1. og 3. mgr. án tillits til ákvæða samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins þar sem gildissvið skarast.“
- 5) Ákvæðum 3. gr. s er breytt sem hér segir:
- a) Í stað f-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:
 

„f) að veita fjármagn og fjárhagsaðstoð, þ.m.t. tryggingar og endurtryggingar, auk miðlunarþjónustu, þ.m.t. skipamiðlun,“.
  - b) Í stað b-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:
 

„b) flytja hráolíu eða jarðolíuafurðir, sem eru á skrá í XXV. viðauka eða jarðefni, sem eru upprunnin í eða flutt út frá Rússlandi, og stunda óreglulega og áhættusama sjóflutninga eins og fram kemur í ályktun allsherjarþings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1192(33),“.
- 6) Ákvæðum 5. gr. aa er breytt sem hér segir:
- a) Í stað d-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:
 

„d) viðskipti, þ.m.t. sölur, sem eru algerlega nauðsynleg vegna slita, eigi síðar en 31. desember 2026, á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða svipuðu lagalegu fyrirkomulagi sem gert er fyrir 16. mars 2022 og tekur til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í 1. mgr.,“.
  - b) Eftirfarandi liðum er bætt við í 3. mgr.:
 

„i. með fyrirvara um bannið í 3. gr. m, viðskipti við rekstrareiningar, sem skráðar eru undir færslunúmerum 4 og 6 í A-hluta XIX. viðauka, sem eru nauðsynlegar vegna viðskipta, miðlunar, flutnings, þ.m.t. með flutningi milli skipa til þriðju landa, og tengd tæknileg aðstoð, miðlunarþjónusta eða fjármögnun eða fjárhagsaðstoð vegna hráolíu, sem fellur undir SN-númer 2709 00, og jarðolíuafurða, sem falla undir SN-númer 2710, sem eru upprunnar í eða fluttar út frá Rússlandi, að því tilskildu að innkaupsverð á tunnu af slíkum vörum sé ekki hærra en verðið sem mælt er fyrir um í XXVIII. viðauka við þessa reglugerð, í samræmi við a-lið 6. mgr. 3. gr. n í þessari reglugerð.“
  - c) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við í 3. mgr. á eftir i-lið:
 

„Undanþágurnar í a- og aa-lið þessarar málsgreinar gilda ekki um rekstrareininguna sem er skráð undir færslunúmeri 4 í A-hluta XIX. viðauka nema um flutning á olíu og hreinsuðum jarðolíuafurðum sem eru upprunnar í þriðja landi og eru einungis settar um borð í Rússlandi, fluttar þaðan eða um það, að því tilskildu að hvorki séu þessar vörur rússneskar að uppruna né eigandi þeirra rússneskur.

Undanþágurnar í a-, aa- og b-lið þessarar málsgreinar gilda ekki um þá rekstrareiningu sem er skráð undir færslunúmeri 6 í A-hluta XIX. viðauka.“
  - d) Í stað 3. mgr. a kemur eftirfarandi:
 

„3a) Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað viðskipti, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sem eru algerlega nauðsynleg til að rekstrareiningarnar sem um getur í 1. mgr. eða dótturfélag þeirra í Sambandinu geti, eigi síðar en 31. desember 2026, losað um fjárfestingar sínar og dregið sig út úr lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu.“
- 7) Ákvæðum 5. gr. ac er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1.-4. mgr. kemur eftirfarandi:
 

„1. Lagt er bann við því, frá og með 25. júní 2024, að lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Sambandinu sem starfa utan Rússlands tengist sendingarkerfi Seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) eða sambærilegri sérhæfðri sendingarþjónustu á sviði fjármála sem Seðlabanki Rússlands kemur á fót og, frá og með 25. janúar 2026, að tengjast kerfum Seðlabanka Rússlands eða kerfum sem annar lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er skráð eða stofnuð samkvæmt rússneskum lögum, lætur í té og fela í sér virkni fyrir fjármálaskilaboð, þ.m.t. hraðgreiðslukerfið (SBP) og Mir-greiðslukortakerfið.“

2. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Rússlands sem er á skrá í XLIV. viðauka.

Í XLIV. viðauka skal tilgreina lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Rússlands, sem nota sendingakerfi Seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) eða sambærilega, sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála sem Seðlabanki Rússlands eða rússneska ríkið kemur á fót, eða kerfi Seðlabanka Rússlands og önnur kerfi sem önnur rússnesk rekstrareining lætur í té og fela í sér virkni fyrir fjármálaskilaboð, þ.m.t. hraðgreiðslukerfið (SBP) og Mir-greiðslukortakerfið.

3. Bannið í 2. mgr. gildir ekki fyrr en 25. apríl 2026 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 við lögaðila sem eru á skrá í XLIV. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) 2025/2033 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.

4. Bannið í 2. mgr. gildir ekki um viðtöku greiðslna sem lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem sett er á skrá í XLIV. viðauka fyrir 24. október 2025, ber að inna af hendi samkvæmt samningum sem eru efndir fyrir 25. apríl 2026.“

b) Eftirfarandi liðum er bætt við 5. mgr.:

„g) nauðsynlegur vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna í þriðju löndum, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í þriðju löndum sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,

h) af hálfu ríkisborgara aðildarríkis sem eru búsettir í þriðju löndum,

i) nauðsynlegur vegna áætlana aðildarríkjanna um sögulega ábyrgð eða stuðning við þjóðernisminnihlutahópa aðildarríkjanna í Rússlandi.“

8) Ákvæðum 5. gr. ad er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem:

a) er lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna eða greiðsluþjónustu og veitir slíka þjónustu til lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem eru á skrá í þessari reglugerð eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014 eða raskar á annan hátt verulega tilganginum með bönnunum í þessum reglugerðum, eins og skráð er í A-hluta XLV. viðauka við þessa reglugerð,

b) er lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna eða greiðsluþjónustu sem styður við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, þ.m.t. með úrvinnslu viðskipta eða fjármögnun útflutnings fyrir verslunarviðskipti sem raska tilgangi þessarar reglugerðar, eins og skráð er í B-hluta XLV. viðauka við þessa reglugerð,

c) er ekki lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna eða greiðsluþjónustu og raskar verulega tilganginum með bönnunum sem sett eru fram í 3. gr. m, 3. gr. n og 3. gr. s í þessari reglugerð, eins og skráð er í C-hluta XLV. viðauka við þessa reglugerð.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Bannið í 1. mgr. gildir um:

a) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr.,

b) rekstrareiningu sem er þjónustuveitandi sýndareigna eða greiðsluþjónustu og starfar sem spegilrekstrareining eða rekstrareining (e. mirror or successor entity) sem tekur við af rekstrareiningunni sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a. Að því er varðar b-lið 2. mgr. er spegilrekstrareining eða rekstrareining, sem tekur við af skráðu rekstrareiningunni, rekstrareining þar sem a.m.k. tvær eftirfarandi viðmiðana eru uppfylltar:

a) í meginatriðum sama inntak, gagnastreymi eða viðskiptaflæði,

b) samfella í vörumerkjastjórnun, hönnun eða notendaviðmóti,

c) skörun á eignarhaldi, yfirlýðingum eða stjórnun,

d) notendum vísað áfram eða færast til innan skráðrar rekstrareiningar,

e) samfella tæknilegra innviða, m.a. notkun sama kóðagrunns, léna eða hugbúnaðar.“

- d) Eftirfarandi liðum er bætt við í 3. mgr.:
- „d) nauðsynleg vegna framkvæmdar, til 25. apríl 2026, á samningum sem gerðir eru fyrir 24. október 2025 við lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru á skrá í A-hluta XLV. viðauka samkvæmt reglugerð (ESB) 2025/2033 eða á fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga,
- e) nauðsynleg vegna viðtöku greiðslna sem lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem um getur í A-hluta XLV. viðauka reglugerðar (ESB) 2025/2033, ber að inna af hendi samkvæmt samningum sem eru gerðir fyrir 24. október 2025.“

- 9) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. 5 gr. æ kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að taka þátt í viðskiptum, með beinum eða óbeinum hætti, við hafnir og skipastiga sem eru á skrá í A- og C-hluta XLVII. viðauka. A-hluti XLVII. viðauka skal taka til hafna og skipastiga í Rússlandi og C-hluti XLVII. viðauka til hafna og skipastiga í þriðju löndum, öðrum en í Rússlandi, sem notuð eru.“

- 10) Eftirfarandi grein er bætt við:

„5. gr. ah

1. Lagt er bann við því að:

- eignast hlut eða auka hlutdeild sína í eignarhaldi eða stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráð til heimilis eða með skráða skrifstofu, aðalstarfsstöð sína eða fasta atvinnustöð innan sérstakra efnahagssvæða, nýsköpunar- eða fríðindasvæða í Rússneska sambandsríkinu sem skráð eru í A- eða B-hluta LII. viðauka,
- stofna ný fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, útibú eða umboðsskrifstofu á sérstökum efnahagssvæðum, nýsköpunar- eða fríðindasvæðum sem talin eru upp í A- eða B-hluta LII. viðauka eða ásamt lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í a-lið,
- gera nýjan samning eða ganga frá nýju samkomulagi um afhendingu á vörum eða þjónustu, eða tengdum hugverkarétti eða viðskiptaleyndarmálum, til eða frá sérstökum efnahagssvæðum, nýsköpunar- eða fríðindasvæðum, sem talin eru upp í A- eða B-hluta LII. viðauka, eða til notkunar þar, eða ásamt lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í a-lið.

2. Lagt er bann við því, frá og með 25. janúar 2026, að:

- viðhalda hlutdeild sinni í eignarhaldi eða stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráð formlega til heimilis eða með skráða skrifstofu, aðalstarfsstöð sína eða fasta atvinnustöð innan sérstakra efnahagssvæða, nýsköpunar- eða fríðindasvæða í Rússneska sambandsríkinu sem skráð eru í A-hluta LII. viðauka,
- viðhalda fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, útibú eða umboðsskrifstofu á sérstökum efnahagssvæðum, nýsköpunar- eða fríðindasvæðum sem talin eru upp í A-hluta LII. viðauka eða ásamt lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í a-lið,
- viðhalda samningi eða samkomulagi um afhendingu á vörum eða þjónustu, eða tengdum hugverkarétti eða viðskiptaleyndarmálum, til eða frá sérstökum efnahagssvæðum, nýsköpunar- eða fríðindasvæðum, sem talin eru upp í A-hluta LII. viðauka, eða til notkunar þar, eða ásamt lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í a-lið.

3. Lagt er bann við því að:

- veita eða eiga þátt í fyrirkomulagi við að veita lán eða lánsfrest eða láta á annan hátt í té fjármögnun, þ.m.t. eigið fé, til handa lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í 1. eða 2. mgr., eða í þeim skráða tilgangi að fjármagna slíkan lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun,
- láta í té fjárfestingarþjónustu sem tengist beint þeirri starfsemi sem um getur í a-lið eða 1. eða 2. mgr.

4. Bönnin í 1., 2. og 3. mgr. skulu einnig gilda um lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun utan sérstakra efnahagssvæða, nýsköpunar- eða fríðindasvæða, sem eru á skrá í LII. viðauka, sem er í eigu eða undir stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í 1. eða 2. mgr.

5. Ákvæði 1.-4. mgr. gilda ekki um:

- starfsemi sem er nauðsynleg vegna bráðrar ógnar við lýðheilsu, það að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið, eða viðbrögð við náttúruhamförum,

- b) starfsemi sem er algerlega nauðsynleg vegna beinna eða óbeinna kaupa, innflutnings eða flutnings á jarðgasi, titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum eða járngrýti frá eða í gegnum Rússland inn í Sambandið, land sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða vesturhluta Balkanskaga,
- c) nema það sé bannað skv. 3. gr. m eða 3. gr. n, starfsemi sem er algerlega nauðsynleg vegna beinna eða óbeinna kaupa, innflutnings eða flutnings á olíu, þ.m.t. hreinsuðum jarðolíuafurðum, frá eða í gegnum Rússland,
- d) nauðsynlega starfsemi vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings sjófluttrar hráolíu og jarðolíuafurða sem eru á skrá í XXV. viðauka þegar þessar vörur eru upprunnar í þriðja landi og eru einungis settar um borð í skip í Rússlandi, fluttar þaðan eða um það, að því tilskildu að hvorki séu þessar vörur rússneskar að uppruna né eigandi þeirra rússneskur.

6. Ákvæði 1. og 3. mgr. og, að öðrum kosti eftir atvikum, 4. mgr. skulu ekki gilda fyrir en 25. janúar 2026 um efnidir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.

7. Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. geta lögbær stjórnvöld, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað starfsemi sem er algerlega nauðsynleg:

- a) í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða vegna brottflutnings,
- b) vegna rannsókna, þróunar eða framleiðslu á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum eða matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að flytja inn, kaupa, og flytja samkvæmt þessari reglugerð,
- c) til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, ef þau viðskipti eru í samræmi við markmið þessarar reglugerðar og reglugerð (ESB) nr. 269/2014,
- d) til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta þar atvinnustarfsemi,
- e) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu í Rússlandi, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Rússlands og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu.“

11) Ákvæðum 5. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lagt er bann við því að veita ríkisborgurum Rússlands eða einstaklingum sem eru búsettir í Rússlandi, eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi, eftirfarandi þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti:

- a) þjónustu á sviði sýndareigna, eins og hún er skilgreind í reglugerð (ESB) 2023/1114,
- b) útgáfu greiðslumiðla, færsluhirðingu greiðslna eða greiðsluvirkjunarþjónustu, eins og það er skilgreint í tilskipun (ESB) 2015/2366,
- c) neytendalán eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB <sup>(9)</sup>.

b) Eftirfarandi kemur í stað 2. mgr. a:

„2a. Lagt er bann við því, frá og með 18. janúar 2024, að heimila rússneskum ríkisborgurum eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi að eiga eða stjórna, með beinum eða óbeinum hætti, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og veitir þjónustu tengda sýndareignaveski, sýndareignareikningi eða fjárvörslu sýndareigna.“

12) Eftirfarandi grein er bætt við:

„5. gr. ba

Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti með sýndareignir sem eru á skrá í LIII. viðauka.“

13) Ákvæðum 5. gr. c er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 5. gr. b geta lögbær stjórnvöld heimilað viðtöku slíks innláns eða veitingu slíkrar þjónustu, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að viðtaka slíks innláns eða veitingu slíkrar þjónustu sé:“

- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- 1a. Bannið í b- og c-lið 2. mgr. 5 gr. b gildir ekki um afhendingu persónusniðinna öryggisskilríkja sem eru nauðsynleg til að fá aðgang að reikningi hjá lánastofnun eða rafeyrisfyrirtæki sem hefur staðfestu í aðildarríki eða samstarfslandi eins og skráð er í VIII. viðauka.
- 1b. Þrátt fyrir b- og c-lið 2. mgr. 5. gr. b geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu slíkrar þjónustu samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé nauðsynlegt vegna einkanota lögaðila, rekstrareiningar eða stofnana með staðfestu í Rússlandi sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða samstarfslands sem er á skrá í VIII. viðauka.“
- c) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- „2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. a-, b-, c-, e-, f- eða g-lið 1. mgr. eða skv. 1. mgr. b innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 14) Eftirfarandi kemur í stað inngangsorðanna í 1. mgr. 5. gr. d:
- „1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 5. gr. b geta lögbær stjórnvöld heimilað viðtöku slíks innláns eða veitingu slíkrar þjónustu, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að viðtaka slíks innláns eða veiting slíkrar þjónustu sé:“
- 15) Eftirfarandi liðum er bætt við 1. mgr. a í 5. gr. h:
- „c) nauðsynleg vegna útflutnings, sölu, afhendingar, tilflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að flytja út, selja, afhenda, færa eða flytja til Rússlands samkvæmt þessari reglugerð,
- d) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að þau viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar reglugerðar og reglugerð (ESB) nr. 269/2014,
- e) nauðsynleg í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða vegna tilflutnings starfsmanna hjálparstofnana og tengdrar aðstoðar eða brottflutnings,
- f) nauðsynleg vegna viðtöku greiðslna sem lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem um getur í A-hluta XIX. viðauka, ber að inna af hendi samkvæmt samningum sem eru gerðir fyrir 15. maí 2022,
- g) nauðsynleg til framkvæmdar á leyfum sem lögbær stjórnvöld aðildarríkis hafa veitt skv. 5. mgr. j í 6. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 269/2014,
- h) nauðsynleg vegna áætlana aðildarríkjanna um sögulega ábyrgð eða stuðning við þjóðernisminnihlutahópa aðildarríkjanna í Rússlandi.“
- 16) Í stað b-liðar 1. mgr. 5. gr. k kemur eftirfarandi:
- „b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, á yfir 50% eignarhlut í með beinum eða óbeinum hætti eða“.
- 17) Í stað 5. gr. n kemur eftirfarandi:
- „5. gr. n
1. Lagt er bann við því að veita ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi, eftirfarandi þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti:
- a) lögfræðiráðgjöf,
- b) reikningshaldsþjónustu, endurskoðunarþjónustu, þ.m.t. lögboðna endurskoðunarþjónustu, bókhaldsþjónustu, skattaráðgjöf og viðskipta- og rekstraráðgjöf eða almannatengslaþjónustu,
- c) byggingarþjónustu, arkitektþjónustu, verkfræðiþjónustu, þjónustu á sviði samþættrar verkfræði, borgarskipulags, vísindalegrar og tæknilegrar ráðgjafar sem tengist verkfræði og þjónustu tengda tæknilegum prófunum og greiningu,
- d) þjónustu á sviði auglýsinga, markaðsrannsóknna og skoðanakannana,
- e) ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni,
- f) viðskiptalega þjónustu í geimnum sem felur í sér jarðfjarkönnun eða gervihnattaleiðsögu,

- g) gervigreindarþjónustu sem felur í sér aðgang að líkönnum eða vettvöngum fyrir þjálfun þeirra, finnstillingu og ályktanir,
  - h) stórvirka tölvuvinnsla, þ.m.t. aðgang að hraðari tölvuvinnslu með myndvinnslueiningu (e. *graphic processing unit accelerated computing*) eða skammtatölvunarþjónustu.
2. Lagt er bann við því að veita þjónustu sem tengist ferðaþjónustu með beinum hætti í Rússlandi.
3. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða afhenda ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi beint eða óbeint hugbúnað til að reka fyrirtæki, hugbúnað fyrir hönnun og framleiðslu á sviði iðnaðar og hugbúnað til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármálageiranum, eins og skráð er í XXXIX. viðauka.
- 3a. Lagt er bann við því að:
- a) veita ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi beint eða óbeint tæknaðstoð, miðunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist þeirri þjónustu og hugbúnaði sem um getur í 1. og 3. mgr.,
  - b) veita ríkisstjórn Rússlands eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi beint eða óbeint fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist því að veita þá þjónustu og útvega þann hugbúnað sem um getur í 1. og 3. mgr. eða því að veita tengda tæknaðstoð, miðunarþjónustu eða aðra þjónustu,
  - c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast hugbúnaði sem um getur í 3. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þann hugbúnað, beint eða óbeint, í þágu ríkisstjórnar Rússlands eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi.
4. Krefjast skal fyrirframleyfis til að veita ríkisstjórn Rússlands, beint eða óbeint, þjónustu sem ekki fellur undir 1. eða 2. mgr. Lögbær stjórnvöld geta, á grundvelli sérstaks mats sem byggist á hverju tilviki fyrir sig, heimilað veitingu slíkrar þjónustu samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé í samræmi við markmið þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) nr. 269/2014.
5. Ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er algerlega nauðsynleg vegna nýtingar réttarins til varnar í dómsmálum og réttarins til skilvirks lagalegs úrræðis.
6. Ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. gilda ekki um veitingu þjónustu sem er algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki, auk viðurkenningar á eða fullnustu dóms eða gerðardóms sem fellur í aðildarríki, að því tilskildu að slík veiting þjónustu sé í samræmi við markmið þessarar reglugerðar og markmið reglugerðar (ESB) nr. 269/2014.
8. Ákvæði c- og f-liðar 1. mgr. og 3. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þjónustu eða útvegum hugbúnaðar sem er nauðsynleg vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
- 8a. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um veitingu ríkisborgara aðildarríkis, sem eru búsettir í Rússlandi og voru það fyrir 24. febrúar 2022, á þjónustu til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem um getur í h-lið 10. mgr. og eru vinnuveitendur þeirra, að því tilskildu að slík þjónusta sé eingöngu ætluð til nota fyrir þessa lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir.
- 8b. Ákvæði f-, g- og h-liðar 1. mgr. skulu gilda frá og með 25. nóvember 2025.
- 8c. Ákvæði 2. og 4. mgr. skulu ekki gilda fyrir en 1. janúar 2026 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 24. október 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíks samnings.
- 9a. Þrátt fyrir ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu, sem um getur í þeim, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hún sé algerlega nauðsynleg til að setja upp, votta eða meta varnaráðstöfun sem:
- a) fjarlægir yfirráð sem einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014, hefur yfir eignum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er ekki á skrá, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og sem er í eigu eða undir yfirráðum þess fyrrnefnda og
  - b) tryggir að engir frekari fjármunir eða efnahagslegur auður hljótist af í þágu einstaklingsins, lögaðilans, rekstrareiningarinnar eða stofnunarinnar sem er á skrá.

9b. Þrátt fyrir ákvæði g- og h-liðar 1. mgr. og 3. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað veitingu þeirrar þjónustu og útveggun hugbúnaðar sem um getur þar, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að þessi þjónusta eða hugbúnaður sé algerlega nauðsynlegur fyrir framlag ríkisborgara Rússlands til alþjóðlegra verkefna um opinn aðgang.

9c. Þrátt fyrir a-, c- og e-liðar 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu sem um getur í henni, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hún sé algerlega nauðsynleg vegna starfsemi ræðis- eða sendiskrifstofu Rússneska sambandsríkisins sem staðsett er í aðildarríki.

9d. Þrátt fyrir ákvæði f-liðar 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu sem um getur í þeim, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hún sé nauðsynleg vegna milliríkjasamstarfs á sviði geimferðaáætlanana.

10. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. og 3. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða veitingu þeirrar þjónustu og útveggun þess hugbúnaðar sem um getur þar, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt:

- a) í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða vegna flutnings starfsmanna hjálparstofnana og tengdrar aðstoðar eða brottflutnings,
- b) fyrir aðgerðir í borgaralegu samfélagi sem efla, með beinum hætti, lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið í Rússlandi,
- c) vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Rússlandi sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
- d) til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins og vegna kaupa, innflutnings eða flutnings inn í Sambandið á titani, áli, kopar, nikkeli, palladíum eða járngrýti,
- e) til að tryggja samfellda starfrækslu grunnvirkja, vélbúnaðar eða hugbúnaðar sem eru mikilvæg fyrir heilbrigði og öryggi manna eða fyrir öryggi umhverfisins,
- f) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytis- afhendingar og -endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota, til afhendingar forefna til framleiðslu á geislavirkum samsætum til lækninga og svipaðrar læknisfræðilegrar notkunar, eða mikilvægrar tækni til vöktunar á geislun í umhverfinu, sem og til samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
- g) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu í Rússlandi, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Rússlands og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu,
- h) til einkanota lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Rússlandi sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða samstarfslands, eins og skráð er í VIII. viðauka.

10a. Bannið í 3. mgr. gildir ekki um útveggun hugbúnaðar til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármála-geiranum, eins og skráð er í XXXIX. viðauka, sem er nauðsynlegur vegna efnda samninga, sem gerðir eru fyrir 20. júlí 2025, til 30. september 2025 eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna efnda slíkra samninga.

11. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr., 9. mgr. a, 9. mgr. b, 9. mgr. c og 10. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

18) Eftirfarandi grein er bætt við:

„5. gr. u

Lagt er bann við því, í fimm ár eftir sölu eða hvers konar leigufyrirkomulag varðandi skip eða loftför sem ríkisstjórn Rússlands eða lögaðili, rekstrareining eða stofnun með staðfestu í Rússlandi annaðist rekstur á með beinum eða óbeinum hætti, að selja, veita, ábyrgjast eða koma með öðrum hætti á samningi eða samkomulagi sem hefur í för með sér yfirfærslu áhættu frá eða takmörkun áhættu sem tengist vátrygginga-vernd fyrir slík skip eða loftför.“

19) Eftirfarandi greinum er bætt við:

## „5. gr. v

1. Rússneskir ríkisborgarar, sem eru starfsmenn sendi- eða ræðisskrifstofa Rússlands, skrifstofu- og tæknistarfsmenn eða þjónustulið sendi- eða ræðisskrifstofa í Rússlandi, eða aðstandendur þeirra, handhafar gilds dvalarleyfis, þ.m.t. diplómátískra skilríkja, eða gildrar vegabréfsáritunar, sem annað ríki hefur gefið út, sem ætla sér að ferðast til eða fara í gegnum yferráðasvæði aðildarríkis, á grundvelli þess dvalarleyfis eða þeirrar vegabréfsáritunar, skulu tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum um ferðina a.m.k. 24 klukkustundum fyrir fyrirhugaðan komudag inn á yferráðasvæði þeirra.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ólögráða börn eða aðstandendur sem eru ekki til heimilis hjá fulltrúa sendi- eða ræðisskrifstofu.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ferðir til eða gegnumferð um yferráðasvæði aðildarríkisins sem gaf út dvalarleyfið eða vegabréfsáritunina.
4. Tilkynning í 1. mgr. skal innihalda:
  - a) flutningatæki; fyrir einkaökutæki, þ.m.t. ökutæki sem eru í eigu sendi- eða ræðisskrifstofu eða starfsmanns hennar, skal koma fram tegund, gerð og skráningarnúmer; fyrir almenningssamgöngur skal koma fram nafn flutningsaðila og leiðarkóði eða sambærilegt,
  - b) komustað inn á yferráðasvæðið,
  - c) komudag inn á yferráðasvæðið,
  - d) brottfararstað af yferráðasvæðinu,
  - e) brottfarardag af yferráðasvæðinu.
5. Aðildarríkin skulu upplýsa ráðið um þau tilvik þar sem ekki er staðið við skuldbindinguna í 1. mgr.
6. Þessi grein gildir frá 25. janúar 2026.

## 5. gr. w

1. Aðildarríki getur gert kröfu um heimild fyrir ferðum eða gegnumferðum rússneskra ríkisborgara um yferráðasvæði þess sem eru starfsmenn sendi- eða ræðisskrifstofa Rússlands eða skrifstofu- og tækni- starfsmenn eða þjónustulið sendi- eða ræðisskrifstofa Rússlands, eða aðstandendur þeirra, handhafar gilds dvalarleyfis, þ.m.t. diplómátískra skilríkja, eða gildrar vegabréfsáritunar sem annað ríki gefur út á grundvelli dvalarleyfisins eða vegabréfsáritunarinnar.
2. Landsbundnar ráðstafanir sem eru samþykktar á grundvelli 1. mgr.:
  - a) skulu uppfylla skuldbindingar aðildarríkis að þjóðarétti gagnvart eigin ríkisborgurum,
  - b) skulu ekki gilda um ólögráða börn eða aðstandendur sem eru ekki til heimilis hjá fulltrúa sendi- eða ræðisskrifstofu,
  - c) skulu ekki hafa áhrif á réttindi einstaklings í samræmi við reglur þjóðaréttar þegar hann fer til að taka við stöðu sinni eða snýr aftur til hennar eða þegar hann snýr aftur til heimalands síns,
  - d) skulu ekki hafa áhrif á tilvik þar sem aðildarríki er skuldbundið að þjóðarétti, nánar tiltekið:
    - i. sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,
    - ii. sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu eða meðferðar sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,
    - iii. samkvæmt marghliða samningi þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi eða
    - iv. samkvæmt sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningnum) sem Páfagarður (Vatikanborgríkið) og Ítalía gerðu sín í milli,
    - v. sem gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og
  - e) skulu ekki eiga við um ferðir einstaklinga, sem eru í stjórnarerindrekahópi Rússlands, til og frá yferráðasvæðum aðildarríkjanna eða um þau í þeim tilgangi að taka þátt í alþjóðlegri ráðstefnu sem Evrópusambandið, Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra, Evrópuráðið, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Efnahags- og framfarastofnunin eða Atlantshafsbandalagið boða til eða er haldin á þeirra vegum.
3. Aðildarríki sem ákveður að samþykkja landsbundnar ráðstafanir skv. 1. mgr. skal upplýsa ráðið um það eigi síðar en fimm dögum áður en slíkar ráðstafanir öðlast gildi.
4. Þessi grein gildir frá 25. janúar 2026.“

- 20) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:
 

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbæru stjórnvöldin, á grundvelli sérstaks mats í hverju tilviki fyrir sig, heimilað, til 31. desember 2026, fullnustu kröfu sem sett er fram af hálfu aðilanna, rekstrareininganna og stofnananna sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr., samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að fullnusta kröfunnar sé algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi þar.“
  - b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
 

„5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 21) Ákvæðum 12. gr. b er breytt sem hér segir:
- a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:
 

„1. Þrátt fyrir 2. gr., 2. gr. a, 3. gr., 3. gr. b, 3. gr. c, 3. gr. f, 3. gr. h og 3. gr. k geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni, sem eru á skrá í II., VII., X., XI., XVI., XVIII., XX. og XXIII. viðauka við þessa reglugerð og í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/821, sem og sölu, leyfisveitingu eða annars konar framsal á hugverkarétti eða viðskiptaleyndarmálum, sem og veitingu réttar til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur hér að framan til 31. desember 2026 ef slík sala, afhending, tilflutningur, leyfisveiting eða veiting réttar til aðgangs eða endurnotkunar er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi þar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.
  - b) Í stað 1. mgr. a kemur eftirfarandi:
 

„1a. Þrátt fyrir 2. gr., 2. gr. a, 3. gr. og 3. gr. k geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni, sem eru á skrá í II., VII. og XXIII. viðauka til 31. desember 2026, ef slík sala, afhending, tilfærsla eða veiting er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingu í félagi um sameiginlegt verkefni, sem er skráð eða stofnað er til samkvæmt lögum aðildarríkis fyrir 24. febrúar 2022, með þátttöku rússnesks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, og rekur grunnvirki fyrir gasleiðslur milli Rússlands og þriðju landa, eða veitir tækniástoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsástoð í tengslum við slíkar vörur og tækni sem er algerlega nauðsynleg vegna reksturs, viðhalds, viðgerðar eða útskipta á íhlutum í slíkum leiðslum og tengdum grunnvirkum sem skipta miklu máli í framangreindri losun fjárfestinga.“
  - c) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:
 

„2. Þrátt fyrir 3. gr. g og 3. gr. i geta lögbær stjórnvöld heimilað innflutning eða tilflutning á vörum, sem eru á skrá í XVII. og XXI. viðauka til 31. desember 2026, ef slíkur innflutningur eða tilflutningur er algerlega nauðsynlegur til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi þar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.
  - d) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. a kemur eftirfarandi:
 

„2a. Þrátt fyrir 5. gr. n geta lögbær stjórnvöld heimilað áframhaldandi veitingu þjónustu sem þar er talin upp til 31. desember 2026 ef slík veiting þjónustu er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi þar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.
  - e) Ákvæði 2. mgr. b falla brott.
- 22) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 23) Ákvæðum VII. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- 24) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.
- 25) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.
- 26) Ákvæðum XVIII. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.
- 27) Ákvæðum XIX. viðauka er breytt í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.
- 28) Ákvæðum XXI. viðauka er breytt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.
- 29) Ákvæðum XXIII. viðauka er breytt í samræmi við VIII. viðauka við þessa reglugerð.
- 30) Ákvæðum viðauka XXIII G er bætt við í samræmi við IX. viðauka við þessa reglugerð.
- 31) Ákvæðum XXXIX. viðauka er breytt í samræmi við X. viðauka við þessa reglugerð.

- 32) Ákvæðum XL. viðauka er breytt í samræmi við XI. viðauka við þessa reglugerð.
- 33) Ákvæðum XLII. viðauka er breytt í samræmi við XII. viðauka við þessa reglugerð.
- 34) Ákvæðum XLIV. viðauka er breytt í samræmi við XIII. viðauka við þessa reglugerð.
- 35) Ákvæðum XLV. viðauka er breytt í samræmi við XIV. viðauka við þessa reglugerð.
- 36) Ákvæðum XLVII. viðauka er breytt í samræmi við XV. viðauka við þessa reglugerð.
- 37) Ákvæðum LI. viðauka er breytt í samræmi við XVI. viðauka við þessa reglugerð.
- 38) Ákvæðum LII. viðauka er bætt við í samræmi við XVII. viðauka við þessa reglugerð.
- 39) Ákvæðum LIII. viðauka er bætt við í samræmi við XVIII. viðauka við þessa reglugerð.
- 40) Ákvæði viðauka XXIIID falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. október 2025.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti*

M. BJERRE

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L, 2025/2032, 23.10.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/2032/oj>.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2014/833/oj>).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj>).

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dir/2015/2366/oj>).

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj>).

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2014/269/oj>.

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj>).

<sup>(8)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dir/2015/2366/oj>).

<sup>(9)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfæmissefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, p. 7, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dir/2009/110/oj>).

## VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <https://data.europa.eu/eli/reg/2025/2033/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: [https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)